



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. júlí 2006 – 176. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI


Sími: 550 5000

**Sumar á Íslandi**  
„Íslenska sumarið telur nefnilega aðeins fjórar helgar og nú er sú fyrsta búin,“ skrifar Hallgrímur Helgason. „Júní er bara upphitun og í ágúst er farið að dimma. Því er um að gera að nota þær vel. Og fara ekki á taugum. Bara að veðrið klikki ekki. Bara að veðurguðirnir séu ekki í enska landsliðinu.“  
**Í DAG 18**




**Alveg laus við frægðina**  
Liðsmenn Belle and Sebastian hlakka mikið til að koma til Íslands en hljómsveitin skoska spilar hér í lok júlí. Steve Jackson bassaleikari var búinn að margþöðja um að koma hingað áður en það var loksins ákveðið.  
**VIÐTAL 34**

**Duglegar stelpur**  
Elínu Björk Jóhannsdóttur, Rakel Adolphsdóttur og Uglu Egilsdóttur langaði að kynna feminisma á jákvæðan hátt og stofnuðu því vefritið Lata stelpan.  
**TÍMAMÓT 20**




**Birgir missti niður forskotið**  
Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson missti niður mjög góða stöðu sem hann hafði á móti í Madrid á Spáni um helgina. Birgir var efstur þegar aðeins níu holar voru eftir en rangar ákvarðanir urðu honum að falli á lokaspertinum.  
**ÍDRÓTTIR 28**

**VEÐRIÐ Í DAG**



**VÍÐA BJART VEÐUR** - Í dag verður hæg suð-vestlæg átt. Léttskýjað suðaustan og austan til, annars bjart með köflum. Híti 10-18 stig, hlýjast austan til.  
**VEÐUR 4**




**SIGURVEGARAR Á NÝ** Þeir Geisli frá Sælukoti og knapi hans, Steingrímur Sigurðsson, sýndu og sönnuðu að þeir eru bestir í faginu þegar þeir sigruðu í úrslitum í A-flokki gæðinga á Landsmóti hestamanna sem lauk í gær. Er það annað árið í röð sem þeir sigra í A-flokki gæðinga. Gátu þeir fagnað innilega því síðast þegar knapi og hestur sigruðu tvö ár í röð í þessum flokki var árið 1970.  
**FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Landsmóti hestamanna lokið:  
**Umferðin þung frá mótsstað**

**LANDSMÓT** Á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum söfnuðust saman um ellefu þúsund manns þegar mest var. Framkvæmd mótsins þótti takast með miklum ágætum og var almenn ánægja á meðal mótsgesta.  
Þrátt fyrir mikinn mannfjölda þurfti lögregla lítið að hafa afskipti af gestum Landsmótsins.  
Geisli frá Sælukoti og knapi hans, Steingrímur Sigurðsson, sigruðu í úrslitum í A-flokki gæðinga. Þeir félagar hömpuðu sama titli á síðasta landsmóti, en það hefur ekki gerst síðan 1970 að sami hestur og knapi sigri A-flokk tvisvar í röð eftir því sem næst verður komist.  
Veður hélt gott bróðurpart tímans á landsmótinu, fyrir utan smá rigningu síðasta daginn, en fljótlega stytta upp og sólin fór að skína.  
Umferð var mjög þung undir kvöld frá landsmótinu, en gekk að mestu vel að sögn lögreglu. - æpe

Álit Íslendinga á þróun verðbólgu næsta árið:  
**Fleiri óttast verðbólgu**

**SKOÐANAKÖNNUN** 42 prósent segjast telja að verðbólga muni aukast á komandi ári, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Könnunin var framkvæmd eftir að ASÍ, Samtök atvinnulífsins og ríkið kynntu samning sem tryggja á stöðugleika í launþróun og ríkisstjórnin kynnti aðgerðir til að draga úr verðbólgu.  
32 prósent aðspurðra telja að draga muni úr verðbólgu á komandi ári. 26 prósent telja að verðbólgan að ári muni standa í stað, en nú mælist hún átta prósent á ársgrundvelli.  
Konur telja frekar en karlar að verðbólgan muni aukast á árinu en 46,1 prósent telja að hún haldi áfram að aukast, en 37,8 prósent karla. Þá telja 30,8 prósent kvenna að verðbólgan dragist saman á árinu, en 33,2 prósent karla eru sama sinnis. 29 prósent karla telja að verðbólgan muni hvorki aukast, né dragast saman á árinu og 23,1 prósent kvenna telja að hún muni standa í stað.  
Minni munur er á afstöðu íbúa höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar, en 42,7 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins telja að verðbólga muni aukast á árinu, en 41,0 prósent svarenda á landsbyggðinni.  
- ss / sjá síðu 4



Aukin átök í Afganistan:  
**Hermenn og túlkur létust**

**AFGANISTAN, AP** Tveir breskir hermenn og afganskur túlkur létust í árás á herstöð Breta í Afganistan í gær. 10.000 hermenn frá Afganistan og bandamenn þeirra hafa barist hart undanfarna daga í mestu árásunum í landinu frá því árið 2001.  
„Hersveitir okkar eru í Afganistan til að hjálpa Afgönnum að byggja upp land sitt. Það þýðir að við þurfum að berjast við talibánana sem gera allt til að hindra framfarir,“ sagði Des Browne, varnarmálaráðgjafi Breta, í gær.  
Aukin átök í Afganistan hafa valdið áhyggjum Breta en 3.300 breskir hermenn eru í landinu. Samtals tuttugu manns létust í tveimur flugárásum í Suður-Afganistan í gær en þeir sem létust voru allir uppreisnarmenn.  
Breski varnarmálaráðgjafi vottaði aðstandendum hermannanna samúð sína í gær. - rsg

# Tvennt lést og tvær stúlkur í lífshættu

Maður lést í bifhjólslýsi í Örafasveit og stúlka lét lífið í bíslýsi við Varmahlíð.

**BANASLYS** Tvö banaslys urðu í umferðinni um helgina og tveir liggja lífshættulega slasaðir á sjúkrahúsi. Stúlka um tívugt létist í bíslýsi við Varmahlíð í Skagafirði upp úr klukkan sex í gærmorgun og maður á sextugsaldri létist í bifhjólslýsi í Örafasveit vestan við Hofgarð um klukkan eitt eftir hádegi. Níu hafa látist í umferðarslysum á árinu nú þegar sex mánuðir eru liðnir. Í fyrra létust 19 manns í 16 banaslysum og árið 2004 létust 23 manns í 20 banaslysum.  
Í bíslýsinu við Varmahlíð lentu fimm ungmenni, öll rétt rúmlega tívugt. Liggja tvær stúlkur alvarlega slasaðar á Landspítalanum. Þær gengust undir aðgerðir í gær og er nú haldið sofandi í öndunarvéli á gjörgæsludeild. Önnur þeirra



**BANASLYS** Níu hafa látist í umferðarslysum það sem af er ári. Þessi stúlka var flutt beint af slysstað með þyrlu en hin var flutt með sjúkraflugvél frá Saudárkróki. Tveir drengir slösuðust minna og voru þeir fluttir með sjúkrabílum til aðhlyningar á Saudárkrók og Akureyri.  
Tildrög slyssins eru óljós en svo virðist sem ökumaður hafi

**SLYS Í UMFERÐINNI FYRSTU HELGINA Í JÚLÍ**

| Látinir | Alvarlega slasaðir |
|---------|--------------------|
| 2006    | 2                  |
| 2005    | 0                  |
| 2004    | 0                  |
| 2003    | 2                  |
| 2002    | 0                  |

misst stjórn á bílnum í krappri beygju rétt fyrir ofan Varmahlíð. Þau þrjú sem sátu í aftursætinu köstuðust öll út úr bílnum og telur lögregla að ekkert þeirra hafi verið í bílbelti.  
Bifhjólslýsið varð við þjóðveg eitt og eru tildrög þess í rannsókn. Svo virðist sem ökumaður hafi misst stjórn á hjólinu sem hafnaði utan vegar. Maðurinn var látinn þegar lögregla kom á vettvang.  
**sdg@frettabladid.is**

**REYKJAVÍKUR MARAÐON GLITNIS 19. ÁGÚST**

3 Km  
10 Km  
21 Km  
42 Km



## SPURNING DAGSINS

Sverrir, eru búinn að finna barnið í sjálfum þér?

„Já, ég er búinn að því.“

Sverrir Þór Sverrisson sjónvarpsmaður tekur við umsjón barnaefnis stöðvar 2 af Afa í haust auk þess sem hann verður í Búbbunum, nýjum brúðupáttum á Stöð 2.

Bílvelta í Langadal:

## Fór veltur og endaði ofan í á

**SLYS** Ungur ökumaður missti stjórn á fólkshól sínum í Langadal um sexleytið í gær, með þeim afleiðingum að hann valt og endaði ofan í á, þrjátíu til fjörutíu metrum frá veginum.

Einn farþegi var ásamt ökumanni í bílnum og voru þeir báðir fluttir til aðhlynningar með smávægileg meiðsli. Lögreglan á Blönduósi segir bílbelti hafa bjargað að ekki fór verra.

Mikil og þung umferð var í gær í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi, en hún gekk að öðru leyti vel að sögn vakthafandi lögreglumanns. - æpe



**LOPEZ OBRADOR** Obrador er fulltrúi litla mannsins. Hér er hann á leið til kjörstaðar að greiða atkvæði sitt í gær.

Kosningar í Mexíkó:

## Möguleiki á vinstri-stjórn

**KOSNINGAR** Mexíkóbúar gengu til þingkosninga í gær og kusu um það hvort Mexíkó yrði síðasta land Suður-Ameríku til að kjósa vinstri-stjórn. Skoðanakannanir spáðu fyrir um harða baráttu milli hægri-mannsins Felipe Calderon og vinstri-mannsins Andres Manuel Lopez Obrador. Fulltrúi Institutional Revolutionary Party, sem var við völd í 71 ár fyrir kosningu Vicente Fox árið 2000, er spáð litlu fylgi.

Lopez Obrador, sem var áður borgarstjóri Mexíkóborgar, segist munu rétta hlut fátæka fólksins í landinu en Calderon leggur áherslu á stöðugleika í hagkerfinu. - rsg

Eldsneytisverð hefur hækkað hjá þremur olúfélögum á síðustu dögum og því dýrara að fylla bensíntankinn:

# Bensínverðið hækkaði um helgina

**BENSÍNVERÐ** Olúfélagið og Skelj-ungur hækkuðu á laugardaginn verð á 95 okтана bensíni um þrjár krónur lítrann og Olís gerði slíkt hið sama í gær. Algengasta verð á bensínlítranum hjá þessum olúfélögum er nú 134 krónur og 40 aurar með þjónustu en 129 krónur og 40 aurar í sjálfsafgreiðslu. Verð á díselolíu hækkaði einnig um tvær krónur og fimmtíu aura hjá olúfélögnum þremur og kostar lítrinn nú 128 krónur og 30 aura með þjónustu en 123 krónur og 30 aura í sjálfsafgreiðslu.

Ef 40 lítra bensíntankur er fylltur núna hjá þessum olúfélögum



**VERÐ Á ELDSNEYTI HÆKKAR ENN** Bensínlítrinn er nú orðinn þremur krónum dýrari hjá Esso, Shell og Olís.

kostar það 5.376 krónur með þjónustu en 5.176 krónur í sjálfsafgreiðslu. Til samanburðar kostaði

að fylla svo stóran tank 5.256 krónur með þjónustu og 5.032 krónur í sjálfsafgreiðslu fyrir hækkinuna.

## LÍTRAVERÐ Á 95 OKTANA BENSÍNI Í SJÁLFSAFGREIÐSLU

|             |       |
|-------------|-------|
| Orkan       | 124,7 |
| Atlantsólía | 124,8 |
| Ego         | 124,8 |
| ÓB          | 124,8 |
| Esso        | 129,4 |
| Olís        | 129,4 |
| Shell       | 129,4 |

Ástæðan fyrir hækkinunni er sögð lágt gengi krónunnar gagnvart bandaríkjadal og hátt heimsmarkaðsverð.

Önnur olúfélög hafa ekki hækkað eldsneytisverð sitt. - eð

# Erilsöm helgi hjá lögreglu í Ólafsvík

Um níutíu prósent þeirra sem sóttu færeyska daga í Ólafsvík um helgina voru á aldrinum sextán til átján ára, að sögn hátíðarhaldara. Erilsamt var hjá lögreglu alla helgina. Mannfagnaðir annars staðar fóru tiltölulega vel fram.

**ÚTÍHÁTIÐ** Þórir Rúnar Geirsson, varðstjóri hjá lögreglunni á Snæfellsnesi, segir helgina hafa verið gríðarlega annasama og erfiða fyrir lögregluna í Ólafsvík.

Hann segir meðalaldur um níutíu prósent háttíðargesta, sem voru tæplega sex þúsund, hafa verið sextán til níttján ára og lítið sem ekkert hafi farið fyrir fjölskyldufólki. Hann segir unga fólk hafa verið áberandi ölvað.

Hann segir lögregluna ekki hafa tölu yfir lítrana af áfengi sem lögregla gerði upptæka. Hann segir ungmennin hafa tekið eftirlitinu með jafnaðargeði. „Það voru yfirleitt foreldrarir sem hringdu í okkur brjálaðir. Við fengum margar hringingar frá foreldrum sem skömmuðu okkur fyrir að taka áfengi af unglíngunum,“ segir Þórir Rúnar.

Auk mikilla afskipta af slagsmálum í bænum, voru þrettán ökumenn stöðvaðir grunaðir um ölvunarakstur af lögreglu. Fjögur ffniefnamál komu upp og tengist eitt þeirra dreifingu og sölu.

Mikið var að gera á heilsugæslustöðinni í Ólafsvík og segir Kristinn Logi Hallgrímsson lækni, sem var á vakt um helgina, að lítið sem ekkert hafi verið að gera á daginn en fljótlega upp úr miðnætti hafi straumurinn verið nánast stöðugur. „Þetta var aðallega fólk með skurð eftir áflog,“ segir Kristinn Logi.

Töluvert var um minniháttar skemmdarverk að sögn lögreglu, þá voru bílar skemmdir og skemmdarverk unnin á hraðbanka Landsbankans.



**BANASLYS VIÐ VARMAHLÍÐ** Stúlka lést og tvær liggja alvarlega slasaðar á sjúkrahúsi eftir bílslys við Varmahlíð. Tveir drengir sem voru einnig í bílnum slösuðust minna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lárus Einarsson talsmaður færeyskra daga, segir að hátíðarnefndin muni fara yfir málin á næstu dögum. „Við erum að reyna að höfða til fjölskyldunnar og skiljum því ekki alveg af hverju við fengum alla þessa unglínglinga hingað,“ segir Lárus. „Þetta á ekki að vera unglíngahátíð.“

Um 2.500 manns voru staddir á Húmarhátíðinni á Höfn, að sögn Árna Þorvaldssonar, talsmanns hátíðarinnar, og fór hún vel fram að sögn lögreglu. Lögreglan á Hvalsveili segir að um fjögur hundruð háskólanemar hafi safnast saman í

Hallgeirsey um helgina og þurfti lögregla ekki að hafa nein afskipti af samkomunni. Um eitt til tvö hundruð gestir söfnuðust saman í Tunguseli á Landsmóti Snigla sem haldið var um helgina og fór það vel fram að sögn lögreglunnar í Vík. Í Þórsmörk gistu um fjögur hundruð gestir og segir lögregla að fólk hafi hegðað sér vel.

Að sögn lögreglu tók umferð að þyngjast á vegum landsins seinni-partinn og þá var mikil örtröð við Hvalfjarðargöngin að sögn lögreglunnar á Akranesi.

aegir@frettabladid.is



**PÁFAGAUKUR** Samskonar páfagaukur strauk í viku frá eiganda sínum, en var að lokum handsamaður af lögreglunni á Hvalsveili.

Páfagaukur í haldi lögreglu:

## Var týndur í heila viku

**DÝR** Forláta páfagaukur gisti fanga-gymslur lögreglunnar á Hvalsveili í fyrrinótt.

Páfagaukurinn, sem heitir Viktoría og er af tegundinni Yellow Blue fronted Amazon, týndist fyrir viku í Landeyjum en fannst í hesthúsi við Hellu, um tuttugu kílómetra í burtu.

Eigandi fuglsins kveðst himinlifandi yfir endurfundunum og segir fuglinn vera að verðmæti tvö til þrjú hundruð þúsund. Hann segir fuglinn ekki hafa skaðast á nokkurn hátt á ferðalagi sínu. - æpe

Sviptingar hjá Airbus:

## Forstjórar segja af sér

**AFSAGNIR** Tveir forstjórar fyrirtækisins EADS, Noel Forgeard og Gustav Humbert, sögðu starfi sínu lausu á sunnudag vegna vandræða með nýju A380 þotu Airbus, en EADS á 80 prósent í fyrirtækinu. Framleiðslu Airbus A380 var frestað um miðjan júní og hafa hlutabréf í EADS hrunið um 26 prósent í kjölfarið. Forgeard hefur verið sakaður um innherjavíðskipti en Forgeard seldi hlutabréf sín í EADS áður en tilkynnt var um tafirnar á A380. Hann segist ekki hafa vitað um tafirnar þegar hann seldi bréfin. Talið er að ágóðinn af nýju þotunum muni minnka um tvær milljónir evra vegna frestunarinnar. - rsg

Ehud Olmert forsætisráðherra Ísraels þrýsti enn harðar á Palestínnumenn í gær:

## Réðust á skrifstofu ráðherra

**ÍSRAEL, AP** Ehud Olmert forsætisráðherra Ísraels þrýsti enn harðar á Palestínnumenn í gær og skipaði Ísraelsher „að gera allt sem hægt er“ til að frelsa ísraelska hermanninn sem hefur verið í haldi Palestínnumanna. Ísraelar gerðu flugskeytarás á skrifstofu forsætisráðherra Palestínu, Ismail Haniyeh, í gær en enginn særðist. Tvö flugskeyti voru send á skrifstofurnar klukkan 1.45 að staðartíma og því enginn innanhúss. „Þeir hafa ráðist á ták Palestínnsku þjóðarinnar,“ sagði Ismail Haniyeh forsætisráðherra Palestínu en ísraelskur ráðherra sagði að árásin hefði átt að vera alvarleg viðvörðun til stjórn Hamas.

Mennirnir sem hafa hermanninn í haldi krefjast þess að hundruðum fanga í ísraelskum fangelsum verði sleppt í staðinn fyrir upplýsingar um líðan hermánsins.



**EHUD OLMERT** Forsætisráðherra Ísraels var myrkur í máli á fundi á sunnudag.

„Þetta eru erfiðir dagar fyrir Ísrael, en við ætlum ekki að taka þátt í einhvers konar mútum,“ sagði Olmert í gær. Mannræningjarnir eru orðaðir við Hamas en Ismail Haniyeh sagði að Hamas hefði engin tengsl við þá. Egyptar hafa blandað sér í gíslamálið og reynt að koma á samkomulagi um frelsun

hermannsins og fengu þeir Sýrlendinga til liðs við sig til að þrýsta á Hamas. Á meðan halda bardagarinn á Gaza áfram. Herflugvélar Ísraelsa skutu á barnaskóla á svæðinu. Einn lést og annar særðist, en Ísraelar héldu því fram að mennirnir sem létust væru að skipuleggja hryðjuverk gegn Ísrael. - rsg

# afrit.is

- ✓ Afritun á hvers konar gögnum
- ✓ Einfalt viðmót og uppsetning
- ✓ Hagkvæm þjónusta fyrir alla
- ✓ Ókeypis aðgangur í 30 daga
- ✓ Sjálfsafgreiðsla á Netinu
- ✓ Vottuð fyrsta flokks þjónusta
- ✓ Vöktun allan sólarhringinn
- ✓ Þúsundir ánægðra viðskiptavina
- ✓ Örugg dulkóðun og samskipti

afrit  
skýrr

SKÝRR

Það er miklu betra að  
bæta bara við inneignina  
eftir þörfum á Netinu.

### Smelltu þér á [www.sko.is](http://www.sko.is)

Þú getur flutt GSM símanúmerið þitt frá Og Vodafone  
og Símanum yfir til SKO.



**SKO**  
Tala meira. Borga minna.

**14,90kr.**  
Mínútuverð

**4,90kr.**  
SMS verð

**0,00kr.**  
Mánaðargjald



## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 00.0.2006

## KAUP SALA

|                 |        |        |
|-----------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur | 76,42  | 76,78  |
| Sterlingspund   | 140,24 | 140,92 |
| Evra            | 97,11  | 97,65  |
| Dönsk króna     | 13,016 | 13,092 |
| Norsk króna     | 12,231 | 12,303 |
| Sænsk króna     | 10,503 | 10,565 |
| Japanskt jen    | 0,6663 | 0,6701 |

SDR 112,99 113,67

Gengisvísitala krónunnar  
134,2338

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Akureyringar segja sig úr Sorpsamlagi Eyjafjarðar og stofna eigið fyrirtæki:

## Kallar á algjöra endurskoðun

**SORPMÁL** Bæjarráð Akureyrar hefur samþykkt að Akureyrarbær dragi sig úr Sorpeyðingu Eyjafjarðar frá næstu áramótum.

„Okkur hefur þótt ganga fremur hægt að ná þeim árangri í þessum málaflökki sem við hefðum viljað sjá. Allar meiriháttar samþykktir þurfa að fara fyrir allar sveitarstjórnir hér á svæðinu og það gerir samlagið þungt í vöfum,“ segir Hermann Jón Tómasson, formaður Bæjarráðs Akureyrar.

Öll urðun sorps á vegum samlagsins er nú gerð í Glerárdal í landi Akureyrarbæjar og því ljóst að úrsögn Akureyrarbæjar hefur áhrif á sorpmál hinna sveitar-



HERMANN JÓN TÓMASSON

SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR

félaganna sem að samlaginu standa.

„Þetta kom okkur auðvitað í opna skjöldu og hlýtur að hafa þær afleiðingar að þessi mál verði

öll hugsuð upp að nýju,“ segir Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð.

„Það hefur legið fyrir að þessi mál þyrfti að skoða í heild, en ég held að enginn hafi búist við að svona stórt skref yrði stigið, án samráðs við aðra aðila samlagsins. Þetta er einhliða ákvörðun Akureyringa og við heyrum fyrst af þessu í fjölmiðlum. Það þykja okkur mjög sérkennileg vinnubrögð,“ segir Svanfríður.

Akureyringar hyggjast leita samstarfs við fyrirtæki í atvinnulífinu á svæðinu um stofnun félags um sorpeyðingu.

- öh

Vill að dómsmálaráðherra víki:

## Vill aðgang að gögnum

**DÓMSMÁL** Ragnar Aðalsteinsson lögmaður krefst þess að Björn Bjarnason víki sæti sem dómsmálaráðherra þegar ósk hans um aðgang að gögnum um hleranir ýmissa Íslendinga á tímum kalda stríðsins, verður tekin til úrskurðar. Beiðninni hefur tvívegis verið hafnað.

„Ég hef ekki fengið nein lagaleg rök fyrir því hvers vegna beiðni minni var sýnað. Fyrst og fremst vil ég fá að sjá þau rök.“

Ragnar krefst þess að aðgangur að þessum gögnum verði veittur en óskin kemur í kjölfar rannsóknna Gúna Th. Jóhannessonar sagnfræðings, sem leiddi í ljós að um tíma voru símar þingmanna hleraðir. - mh

Pétur Blöndal þingmaður:

## Raunhæft mat á verðbólgunni

**KÖNNUN** Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, telur þessa niðurstöður sýna að meirihluti almennings sé mjög raunhæfur í mati sínu á verðbólgunni.

„Þetta er sennilega afleiðing af þeirri miklu þenslu sem hefur verið á fjóðamarkaði. Ég held að



PÉTUR BLÖNDAL

aðgerðir stjórnvalda muni stöðva hana en það gerist ekki strax. Aðgerðirnar munu skila árangri yfir nokkurn tíma.“

Pétur bætir við að þessi afstaða fólks muni draga úr þenslunni og því sé í sjálfu sér jákvætt að flestir telji að verðbólgan verði meiri að ári.

- sdg

Sjúkraflug til Vestmannaeyja:

## Verður tekið til skoðunar

**SJÚKRAFLUG** Mikil óánægja ríkir meðal íbúa í Vestmannaeyjum vegna stöðu sjúkraflugs milli lands og eyja. Á föstudag þurfti að fljúga með barnshafandi konu til Reykjavíkur og var flugvél þá ekki til taks.

„Við munum verða við óskum Vestmannaeyinga um að fara yfir samninginn um sjúkraflug. Við munum byrja á úttektinni strax í vikunni og skoða hvort um er að ræða alvarlegar vanefndir á samningnum. Það er ekki hægt að segja á þessari stundu til hvaða úrbóta eða úrræða verður gripið,“ segir Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra. Það er flugfélagið Landsflug sem annast sjúkraflug til Vestmannaeyja.

EKKI náðist í Rúnar Árnason, framkvæmdastjóra Landsflugs, vegna málsins í gær.

- öh


## 56 prósent telja að verðbólga aukist ekki

32 prósent telja að verðbólga verði minni að ári, samkvæmt könnun Fréttablaðsins. 26 prósent telja að hún verði eins og hún er, en flestir, eða 42 prósent telja að verðbólga muni aukast á komandi ári.

**SKOÐANAKÖNNUN** Flestir, eða 42 prósent, telja að verðbólga muni aukast á komandi ári, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 32 prósent telja að verðbólgan muni dragast saman, en 26 prósent telja að verðbólgan muni standa í stað.


Samkvæmt mælingu Hagstofunnar á vísitölu neysluverðs var verðbólga í júní 8,0 prósent, sé miðað við síðustu 12 mánuði. Frá því í júní í fyrra hefur verðbólgan aukist verulega, en þá mældist hún 2,8 prósent á ársgrundvelli. Áður en könnunin var gerð höfðu ASÍ, Samtök atvinnulífisins og ríkið gert með sér samning til að tryggja stöðugleika í launabróun, sem byggðist á því að launataxtar hækki um 15.000 krónur, skattar muni lækka um eitt prósentustig um næstu áramót, í stað tveggja, hækkun persónuafsláttar, hækkun vaxtabóta og að barnabætur verði greiddar þar til börn ná 18 ára aldri í stað 16 ára aldri áður. Þá hafði ríkisstjórnin tilkynnt að lánshlutfall og hámarkslán Íbúðarlánasjóðs muni lækka, til að draga úr þenslu, þá verði nýjum framkvæmdum frestað og leitast verði

## &gt; PRÓUN VERÐBÓLGU FRÁ JÚNÍ 2005 TIL JÚNÍ 2006



Heimild: Hagstofa Íslands

## TELUR ÞÚ AÐ VERÐBÓLGA Á KOMANDI ÁRI MUNI MINNKA, STANDA Í STAÐ EÐA AUKAST?



við að ná samningum við sveitarfélög til að draga úr nýjum fjárfestingum. Þar sem þessar helstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að draga úr verðbólgu höfðu verið kynntar má skoða niðurstöður könnunarinnar í því ljósi hvort fólk hafi trú á því að þessar aðgerðir muni hafa áhrif.

Konur hafa minnsta trú á því að það dragi úr verðbólgu á komandi ári, en 46,1 prósent þeirra sögðust telja að verðbólga muni aukast á árinu. 23,1 prósent kvenna sögðu að verðbólgan muni standa í stað og 30,8 prósent kvenna telur að draga muni úr verðbólgu.

Karlar hafa mesta trú á því að draga muni úr verðbólgu og segja 33,2 prósent þeirra að verðbólgan verði minni að ári. 29,0 prósent telja að verðbólgan verði eins og hún er í dag og 37,8 prósent karla telja að verðbólga muni aukast.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa aðeins minni trú á því að dragi úr verðbólgu á árinu en íbúar landsbyggðarinnar. 42,7 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins telja að verðbólga muni aukast, 25,5 prósent telja að hún muni standa í stað en 31,8 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins telja að hún verði minni að ári.

Þá telja 41,0 prósent íbúa landsbyggðarinnar að verðbólga muni aukast. 32,2 prósent telja að draga muni úr verðbólgu en 26,8 prósent að verðbólgan standi í stað.

Hringur var í 800 kjósendur miðvikudaginn 28. júní. Svarendur skiptust jafn eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Telur þú að verðbólga á komandi ári muni minnka, standa í stað eða aukast? 92,3 prósent aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

Ögmundur Jónasson:

## Endurspeglar áhyggjur fólks

**KÖNNUN** Ögmundur Jónasson, varaformaður Vinstri grænna, segir þessar niðurstöður endurspeglar miklar áhyggjur þjóðarinnar af verðbólgunni.

„Verðbólgan er mjög mikil eins og sakir standa og stór hluti þjóðarinnar óttast að hún verði óbreytt eða jafnvel aukist. Ég held því miður að það sé ástæða til að hafa efasemdir um möguleika stjórnvalda til að hemja verðbólguna vegna þess að ríkisstjórnin neitar að beina sjónum að rótum vandans sem er ekki vegagerð á Vestfjörðum og á Norðausturlandi heldur stóriðjustefnan.“



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Gylfi Arnbjörnsson:

## Til trú vinnst með árangri

**KÖNNUN** Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir verðbólguna hafa verið mikla undanfarið og það sé ótti í fólki eins og komi fram í könnuninni.

„Auðvitað er það þannig að þótt við höfum gert samkomulag milli samtaka vinnumarkaðarins, Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífisins og

stjórnvöld gripi til aðgerða þá gefur auga leið að framvinda næstu mánuði mun skera endanlega úr um hvort þetta takist. Til trú fólks þarf að vinnast með einhverjum sýnilegum árangri í baráttunni við verðbólguna.“

- sdg

## BÍLL DAGSINS

## BMW 1 LÍNAN 1.6

Nýskr 03.06 - Beinskriptur - Ekinn 6 þús km. - Allt að 100% lán.



Verð 2.590.000,-

50.000 kr.

af bensini fylgja öllum notuðum bílum


Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.

## VEÐURSPÁ

um hádegi &gt;&gt;



um hádegi &gt;&gt;

|               |                 |                 |                 |            |                 |
|---------------|-----------------|-----------------|-----------------|------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 23°C léttskýjað | London          | 28°C léttskýjað | Alicante   | 32°C léttskýjað |
| Billund       | 21°C léttskýjað | Paris           | 29°C léttskýjað | Mallorca   | 29°C léttskýjað |
| Osló          | 23°C léttskýjað | Frankfurt       | 29°C léttskýjað | Algarve    | 25°C léttskýjað |
| Stokkhólmur   | 23°C léttskýjað | Friedrichshafen | 22°C hálfskýjað | Krít       | 29°C léttskýjað |
| Gautaborg     | 22°C léttskýjað | Berlin          | 28°C skýjað     | Las Palmas | 25°C heiðskirt  |

\* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Vaxtabót og Viðbót



ARGUS / 06-0334

# Tveir sterkir!

**SPRON Vaxtabót – 11,55% vextir\***

Óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber allt að 11,55% vexti.\*

**SPRON Viðbót – 4,7% vextir\***

Verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber allt að 4,7% vexti.\*

Pú getur stofnað reikning á **spron.is**

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200,  
í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á [spron.is](http://spron.is)

\*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 21. júní 2006

 **spron**  
– frelsi í bankaviðskiptum



## KJÖRKASSINN

Hugsar þú um heilsuna þegar þú kaupir matvöru?

|     |     |
|-----|-----|
| Já  | 68% |
| Nei | 32% |

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Ert þú fylgjandi tekjutengdum atvinnuleysisbótum?

Segðu skoðun þína á Vísí.is



Fundur forsætisnefndar Norðurlandaráðs var haldinn í Færeyjum:

## Vilja aðild að Norðurlandaráði

**NORÐURLANDARÁÐ** Á fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs í síðustu viku var tekið til umræðu umsókn Færeyinga um sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði.

„Viðtökurnar á fundinum voru góðar en eftir stendur hvað ráðherraráðið segir. Nú biðum við næsta ársfunds ráðherraráðsins sem verður haldinn í Danmörku í haust. Ég hef trú á að þetta verði mikil barátta,“ sagði Hogni Hoydal, þingmaður á færeyska og danska þinginu, í samtali við Fréttablaðið.

Færeyingar hafa nú aðild að Norðurlandaráði í gegnum Danmörku en hafa í nokkur ár barist

fyrir sjálfstæðri aðild. Á Norðurlandaráðsþingi sem haldið var í Reykjavík á síðasta ári var ákveðið að gera úttekt á því hvort lagalegir annmarkar væru fyrir sjálfstæðri aðild Færeyinga að ráðinu. Samkvæmt skýrslu sem kynnt var á fundinum í Færeyjum er svo ekki.

„Þessi úttekt hefur leitt í ljós að þetta er ekki lagalegt spursmál, heldur pólitísk ákvörðun,“ segir Rannveig Guðmundsdóttir alþingismaður og fulltrúi í Norðurlandaráði, en hún vann að framgingu málsins á síðasta ári þegar hún gegndi forsæti Norðurlandaráðs. - öhö



**HÖGNI HOYDAL** Er ánægður með undirtektir á fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs en sér fram á mikla baráttu.

Samkeppniseftirlitið:

## Einkaréttur í rannsókn

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið mun rannsaka hvort 365 miðlum hafi verið heimilt að loka fyrir útsendingar erlendra sjónvarpsstöðva frá Heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu, en fjölmörg erindi þess efnis hafa borist Neytendasamtökunum undanfarnar vikur.

Mat Samkeppniseftirlitið það svo að ekki væru forsendur til að taka bráðabirgðaákvörðun í málinu þegar keppnin hófst, en rannsókn mun halda áfram þó að niðurstöðu sé ekki að vænta fyrr en að keppninni lokinni.

Neytendasamtökin segja slíkt óeðlilegt, enda gagnast niðurstaðan þá ekkert þar sem keppninni verður lokið. - aðe

Óhapp á HM í Berlín:

## Keyrði inn í áhorfendahóp

**SLYS** Á þriðja tug manna slasaðist, þar af eitt barn alvarlega, í Berlín, þegar bifreið keyrði inn á svæði þar sem hundruð þúsunda horfðu á HM-leiki á útíjaldi. Svæðið er girt af en 33 ára öku- maður Volkswagen Polo keyrði yfir vegartálmann og staðnæm- ist við sviðið þar sem leikirnir eru sýndir.

Fáir voru á ferli í gær því engir leikir voru á dagskrá en tíu voru fluttir á sjúkrahús með líftilvæg meidli og ellefu aðrir fengu aðhlyningu á slysstað. „Við vorum mjög heppin,“ sagði embættismaðurinn Michael Donnermeyer en ekki er vitað hvað öku- manningunum og 55 ára konu sem var farþegi hans gekk til með glannaskapnum. Á leik Þýskalands og Ítalíu á þriðjudaginn munu ellefu sjónvarpstöðir sýna leikinn og búist er við allt að 900.000 manns á svæðið. - rsg

Vegamálastjóri:

## Engin opinber viðbrögð

**MÓTMÆLI** Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri vildi ekki tjá sig um viðbrögð sín við uppátæki starfsmanna Vegagerðarinnar á Hólmarvík, Ísa- firði og Patreksfirði þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. Flögguðu starfsmenn Vega- gerðarinnar í hálfu stöng til að mótmæla frestun vegaframkvæmda á Vestfjörðum. Sagði Jón að engin opinber viðbrögð yrðu við þessu og ekkert sem fram færi í fjölmíðlum.

Sturla Bóðvarsson samgöngu- ráðherra lýsti hneykslan sinni á athæfinu í hádegisfréttum RÚV í gær. - öhö



**FÖGUR FLJÓÐ** Þau voru þjóðleg fljóðin sem afhentu verðlaunin á Landsmóti hestamanna 2006. Falleg skrautfjöður á vel skipulögðu og vel heppnuðu móti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Segir landsmótið það besta allra tíma

Landsmót hestamanna 2006 fór vel fram í alla staði að sögn lögreglu og móts- stjórnar. Þá ríkti almenn ánægja með framkvæmd mótsins hjá gestum þess.

**MANNAMÓT** „Framkvæmd og gott skipulag þessa móts gerir það að besta landsmóti allra tíma,“ segir Hulda Geirsdóttir fjölmiðlafulltrúi Landsmóts hestamanna. Hún þakkar þennan góða árangur þrotlausri vinnu fráþærs starfslíðs. „Sérstaklega vil ég nefna björgunarsveitarmennina og lögregluna sem hafa verið mjög sýnilegir,“ segir Hulda og bætir við að hestarnir hafi einnig slegið í gegn og gert mótið einstakt. „Þar ber af ótrúleg geta hjá ungum hrossum, heimsmet sem hafa verið sett og spútnikeppendur sem komið hafa fram sem er alltaf líflégt og skemmtilegt,“ segir Hulda.

Veðrið lék við gesti fyrir utan nokkra rigningardropa sem féllu síðasta daginn. Þegar kom að lokaatriði mótsins sem er úrslitakeppni í A-flokki gæðinga, læddi sólin sér í gegnum skýin og gladdi mótsgesti.

Á Vindheimamelum voru um ellefu þúsund manns þegar mest lét. Vel tókst að halda friðinn meðal fólksins. „Hestamót eru ekki lengur neinar sukkhátíðir,“ segir Ólafur Ásgeirsson aðstoðaryfirlöggreglu- þjóinn á Akureyri sem hefur haft umsjón með löggæslu á landsmóti- nu og verið við löggæslu á mörgum hestamótum. „Þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel. Fimmtdags- og

föstudagskvöldin voru bara mjög fín en aðeins meira að gera aðfaranótt sunnudags,“ segir Ólafur, nokkuð var um stypingar en ekkert sem ekki varð ráðið við. Nokkrir voru teknir vegna ölvunar við akstur um helgina en lögreglan tók mörg hundruð manns í tékk.

Þrátt fyrir að vel hafi tekist til er alltaf hægt að gera betur. „Við munum fara yfir öll atriði eftir mótið en það er ekkert eitt sérstakt sem stingur,“ segir Hulda sem telur of snemmt að segja hvort mótið beri sig fjárhagslega. „Ef við sleppum nokkurn veginn á sléttu erum við sátt,“ segir hún.

Íraksstjórn gefur út lista:

## Kona Saddams eftirlýst í Írak

**ÍRAK** Í gær gaf Íraksstjórn frá sér lista yfir eftirlýsta menn landsins, 41 að tölu, og á listanum eru meðal annars eiginkona Saddams Hussein og elsta dóttir þeirra. Ekki var lagt fé til höfuðs þeim en allt að 10 milljón bandaríkjadöllum er heitið þeim sem handsama aðra á listanum. Þar á meðal er Izzat Ibrahim al-Douri sem var háttsettur í ríkisstjórn Saddams og er talinn hafa komið uppreisninni í Írak af stað. Einnig er á listanum al-Kaída liðinn Abu al-Masri. „Við erum að dreifa þessum lista til þess að þjóð okkar þekki óvini sína,“ sagði þjóðaröryggisráðgjafi Íraks, en listinn er kominn í hendur Interpol og lögreglu í löndum þar sem eftirlýsta fólkíð dvelur.



**MÓTMÆLI** Árið 1976 mótmælti þessi hópur danskra hippa og leikara framkomu Bandaríkisstjórnar við indjána. Nú ætla þeir að gera hið sama vegna Guantanamo fangabúðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Danskir um Guantanamo:

## Fyrrum hippar mótmæla

**DANMÖRK, AP** Hópur danskra fyrrverandi hippa, sem gerði garðinn frægan á áttunda áratugnum fyrir mótmæli sín gegn Bandaríkjunum, ætla að koma saman á ný í næstu viku til að mótmæla framkomu bandarískra yfirvalda gagnvart föngunum í Guantanamofangabúðunum.

Um 450 fyrrum Kristjánubúar og meðlimir leikhópsins Solvoguen ætla að standa í appelsínugulum fangasamfestingum fyrir utan bandaríska sendiráðið í Kaupmannahöfn á þjóðhátíðardag Bandaríkjamanna, 4. júlí.

Þar sem fólkíð er þó allt orðið miðaldra nú, hefur það boðið um leyfi fyrir fundinum, ólíkt því sem áður var. - smk

Messa undir berum himni:

## Óhefðbundið kirkjuhald

**KIRKJUHALD** Í gær klukkan ellefu var haldin messa í kirkjutóftinni á Gásam í Eyjafirði. Staðurinn var mesti kaupstaður Norðurlands á miðöldum og fram á 16. öld eða á meðan siglingar til og frá Gásam voru algengar. Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir, sóknarprestur Möðruvallaklausturkirkju, messaði og félagar úr kirkjukórnum leiddu fjöldasöng með undirleik. Eftir messu var boðið upp á söng- göngu í samstarfi við Amtmanns- setrið á Möðruvöllum. Þá var gengið að Möðruvöllum í Hörgárdal þar sem saga staðarins var sögð. - hs

Lögfræðingur Alþjóðahúss:

## Sendir bandaríska sendiráðinu kvörtun

**MANNRÉTTINDAMÁL** Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur Alþjóðahúss hyggst senda kvörtun til bandaríska sendiráðsins vegna skýrslu sendiráðsins um mansal hér á landi þar sem trúnaðarupplýsingar frá Alþjóðahúsi koma fram. „Ég er mjög ósátt við hvernig það sem ég sagði var tekið úr samhengi og að það skuli vera vísað í mig, því þó að ég sé ekki nafngreind þá er bara einn lögfræðingur í Alþjóðahúsi og augljóst við hvern er átt,“ segir Margrét.

Margrét segir að starfsfólk Alþjóðahúss vilji sjálft fá að ráða því hvaða upplýsingar frá Alþjóðahúsi fari í fjölmiðla. „Við höfum alltaf varast það að senda nokkuð frá okkur sem gæti rýrt traust þeirra sem til okkar koma á okkur.“

Hingað til hefur ekki komið fram í skýrslum bandaríska sendiráðsins hvaðan trúnaðarupplýsingar koma að sögn Margrétar.



**ALÞJÓÐAHÚSI** Starfsfólk Alþjóðahúss vill fá að ráða því hvaða upplýsingar frá þeim fara í fjölmiðla til að halda trúnað við skjólstæðinga sína.

„Ég hef tvisvar áður gefið bandaríska sendiráðinu upplýsingar og í þau skipti var skýrslan sett þannig fram að það var ekki hægt að sjá hver það var sem gaf upplýsing- arnar,“ segir hún. - eö




www.lyfja.is



Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsum af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Vectavir er virka efnið penciclovir sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst. fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreyfslu, kvef eða influensu eða í mikilli sóli (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciclovir, famciclovir eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsa hraðar, verkir minnka og smíttimi stytst. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymjið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkrúki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási



**ROCK STAR SUPERNOVA**





## VEISTU SVARIÐ?

- 1 Til hvaða stjórnmálamanns bera Íslendingar mest traust?
- 2 Hver fékk hæstu einkunn sem um getur í kynbótadömi á Landsmóti hestanna í Skagafirði?
- 3 Hvaða norsk læknir hefur verið fundinn sekur um víðtækar vísindafalsanir?

SVÖR Á SÍÐU 34

Sjávarútvegsráðherra lýsir yfir stuðningi við aðgerðir Norðmanna:

# Stöðva þarf ólöglegar veiðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra lýsir fullum stuðningi við aðgerðir norsku strandgæslunnar gagnvart skipinu Joana sem fært var til hafnar í Noregi í gær vegna ólöglegra veiða fyrir norðan Noreg.

Reyndist skipið vera þjóðernislaust og engar merkingar voru á því um heimahöfn eða skráningarnúmer. Segir Einar mikilvægt að samstarf sé milli Noregs og Íslands gegn ólöglegum veiðum af þessu tagi og brýnt sé að grípa til aðgerða þegar um sé að ræða skip án þjóðernis.

Íslendingar eiga nú þegar

mikið samstarf við Norðmenn og fleiri ríki hvað varðar svæðisbundið eftirlit með ýmsum hafsvæðum. Einna mest er samvinnan á hafsvæðinu úti fyrir Reykjaneshrygg en þar hafa verið og eru reglulega stundaðar ólöglegar karfaveiðar þó ekki hafi verið gripið til verulegra aðgerða hingað til.

Sjávarútvegsráðherrarnorður-Atlantshafsríkjanna ákváðu fyrir stuttu að stefna að sameiginlegum lista yfir skip sem stunda ólöglegar veiðar á Atlantshafinu öllu sem gæti skilað sér í hafnbanni á þau skip er þær veiðar stunda.



SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA Fagnar framtaki Norðmanna.

## Heimsþing Lions í Boston: Forseti Íslands með aðalræðu

**BESSASTADIR** Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flytur í dag aðalræðu á Heimsþingi Lions- hreyfingarinnar sem fer fram í Boston. Um 15 þúsund fulltrúar Lions-hreyfingarinnar sækja þingið og taka þar þátt í að móta áherslu í starfinu á heimsvísu. Fjöldi íslenskra Lions-manna sitja þingið.

Í ræðu sinni mun forsetinn fjalla um mikilvægi frjálsra félagasamtaka á nýrri öld, breytingar sem orðið hafa á heimsmyndinni og hvernig ýmis verkefni á sviði hjálparstarfs geta skilað miklum árangri. Einnig talar hann um starf Lions-hreyfingarinnar á Íslandi.

- sdg



FLIIRI KOMA Í MAÍ Á síðustu fjórum árum hefur erlendum ferðamönnum fjölgað mjög í maí. .FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjölgun ferðamanna:

## Rúmlega 30 þúsund í maí

**FERÐAÞJÓNUSTA** Erlendum ferðamönnum hingað til lands hefur fjölgað um tæp átta prósent milli ára samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu.

Rúmlega 31 þúsund ferðamenn sóttu landið heim í maí sem er mikil aukning frá maí í fyrra og hefur orðið allt að 70 prósent aukning í þessum mánuði á síðustu fjórum árum. Bandarískir ferðamenn voru fjölmennastir, síðan Bretar en áberandi aukning er einnig frá löndum utan hefðbundinna markaðssvæða.

- aðe

## BÍLVELTA

Bílvelta varð rétt hjá bænum Múla í Haukadál á Suðurlandi um sexleytið í gærmorgun. Í bílnum voru tveir drengir og ein stúlka sem veltu bílnum við eftir veltuna og héldu ferð sinni áfram á Laugarvatn, þar sem lögregla hafði upp á þeim. Ökumaður er grunaður um ölvunaraktstur. Þau voru öll flutt á Landspítalann með minniháttar meiðsl.

# Kynferðisbrotum gegn börnum fjölgaði

Í nýrri ársskýrslu lögreglustjórans í Reykjavík kemur fram að kynferðisbrotum gegn börnum fjölgaði um hundrað prósent árið 2005.

**AFBROT** Kynferðisbrot gegn börnum voru 38 talsins árið 2005, en voru 19 árið áður, samkvæmt ársskýrslu lögreglustjórans í Reykjavík. Þá fjölgaði nauðgana- tilfellum um 72 prósent samkvæmt skýrslunni, voru 23 árið 2004 en 43 ári síðar.

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í afbrotfræðum við Háskóla Íslands, varar við að tölurnar séu túlkaðar á þann hátt að kynferðisbrotum fari fjölgaði almennt í þjóðfélaginu. „Vegna þeirrar miklu og opnu umræðu sem hefur átt sér stað í þjóðfélaginu varðandi þessi brot hefur umburðar- lyndisþröskuldurinn gagnvart þessu lækkað og því kærir fólk miklu frekar nú heldur en áður,“ segir Helgi. „Förnarlömb þessara hroðaverka mæta líka mun meiri skilningi nú heldur en áður og fólk er meira á varðbergi gagnvart þessu.“

Samkvæmt skýrslunni fjölgaði minniháttar líkamsárásrum rúmlega þrefalt, voru 38 árið 2004 en voru komnar upp í 123 árið á eftir. Hins vegar fækkar meiriháttar líkamsárásrum um níu og

hálf prósent. Helgi segir að þetta þurfi ekki endilega að þýða að minniháttar líkamsárásrum hafi í raun fjölgað á strætum höfuðborgarinnar. „Núna er það orðið þannig að þegar menn verða fyrir hnaski til að mynda á skemmtistað eða eitthvað slíkt, þá láta þeir ekki bjóða sér það og kæra hiklaust. Þessi umburðarlyndisþröskuldur gagnvart ofbeldi er nánast að hverfa,“ segir Helgi.

Í ársskýrslunni kemur fram að innbrotum fækkar um rúm ellefu prósent á milli ára. Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri í Reykjavík, þakkar þessa minnkun á milli ára auknu eftirliti lögreglu í hverfum borgarinnar, ásamt öflugum samstarfi við íbúana. „Næsta ársskýrsla mun sýna að innbrotum fer enn fækkandi. Lögreglan hefur markvisst tekið á þessum vanda,“ segir Ingimundur. „Við höfum einbeitt okkur að hverfu um þar sem innbrot hafa verið tíðari en annars staðar og svo höfum við aukið eftirlit okkar með ákveðnum persónum sem við erum með á skrá hjá okkur.“



FYRIR DÓMARA Meintur kynferðisbrota- maður gengur inn í héraðsdóm. Kynferðis- brotum gegn börnum fjölgaði í fyrra.

Ingimundur segir marga ómerkta lögreglubíla á ferðinni í hverfum borgarinnar á kvöldin í eftirlitsferðum og afrakstur þessarar vinnu sé að skila sér með óyggjandi hætti í skýrslunni. aegir@frettabladid.is

Sænska krónan styrktist mest:

## Krónan hélt áfram að falla

**GENGI** Krónan féll um 8,8 prósent á öðrum ársfjórðungi og stóð gengis- vísitalan í 133,7 við lokun markaða á föstudaginn. Frá áramótum hefur krónan því fallið um 28,2 prósent. Þetta kemur fram í fréttabréfi greiningardeildar KB banka.

Frá áramótum hefur verðgildi krónunnar rýrnað mest gagnvart sænsku krónunni, um þriðjung.

Á síðasta ársfjórðungi lækkaði krónan mest gagnvart sterlings- pundi af stóru viðskiptamyntum, eða um 11,3 prósent, en lækkun gagnvart bandaríkjadal var aðeins 4,5 prósent á sama tíma.

- epa

Átak gegn umferðarslysum:

## Tökum heppnina úr umferð

**UMFERÐARÁTAK** Þjóðaráttak VÍS gegn umferðarslysum er hafið undir yfirskriftinni „Tökum heppnina úr umferð“. Sem fyrr byggir þjóðaráttak VÍS á að miðla upplýsingum um umferðaröryggismál og að vekja umferðaröryggismál og að vekja almenning til umhugsunar um afleiðingar óábyrgar hegðunar í umferðinni. Á vefsíðu VÍS hefur verið útbúinn samskiptavefur þar sem almenningur getur sent inn fyrirspurnir og sagt frá reynslu sinni af umferðarmeningu almennt. Á myndinni sést Bergþóra Harpa Þórarins- dóttir við opnun vefsíðunnar.

- hs

Skiptar skoðanir borgarstjórnarmeirihluta á málverkum í Höfða:

## Bjarni Ben aftur upp á vegg

**HÖFÐI** Málverk af Bjarna Benediktssyni, fyrrverandi borgarstjóra Reykjavíkur, var hengt upp á ný í Höfða á föstudaginn samkvæmt ákvörðun Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarstjóra.

Málverkið var tekið niður árið 1994 eftir að nýr borgarstjórnarmeirihluti R-lista tók við völdum. Áður hafði það hangið yfir borðinu þar sem leiðtogafundur Reagan og Gorbatsjov fór fram árið 1986.

Gísli Marteinn Baldursson, formaður borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, segir það hafa verið lengi rétt innan flokksins að setja málverkið aftur upp.

„Þess verður minnst síðar á árinu að tuttugu ár eru liðin frá

leiðtogafundinum í Höfða og því eðlilegt að hafa herbergið sem næst þeirri mynd sem það var á þessum merkilega fundi.“

Aðspurður um af hverju myndin var tekin niður á sínum tíma segir Gísli að sér hafi þótt það einkennilegt ráðstöfun að taka myndina niður. „Bæði vegna þess að menn eiga ekki að reyna að breyta sögunni og eins vegna sagnfræðilegs gildi þess að halda herberginu í þeirri mynd sem það var þegar leiðtogafundurinn átti sér stað.“

Að sögn Gísla var málverkið reyndar sett upp tímabundið þegar tíu ára afmælis leiðtogarfundarins var minnst. „Þannig að meira að segja fyrrverandi borg-



MÁLVERKIÐ AF BJARNA BENEDIKTSSYNI Myndin var tekin niður árið 1994 og var aftur sett upp á vegg á föstudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

arstjórnarmeirihluti virðist hafa áttað sig á sagnfræðilegu gildi þess að myndin hangi uppi.“ - sdg

Fólk á Ægisíðunni gekk fram á illa haldinn hund sem ráfaði frá heimili sínu:

## Hundurinn gat varla gengið

**DÝRAHALD** Fólk sem var á ferð um Ægisíðuna síðastliðinn fimmtudag gekk fram á hund í slæmu ástandi og gerði lögreglu víðvart vegna gruns um slæma meðferð á dýrum.

Sjónarvottur sá hundinn ráfandi um á Ægisíðunni fyrir neðan Skildinganesið og sá að hann var í mjög slæmu ástandi. Hundinum blæddi og hann gat varla gengið, enda hárin á afturfótunum flækt og klesst saman svo hann gat varla notað afturfæturna. Hárið var

kleprað og flækt og hann var greinilega gamall og illa farinn. Hálsól hundsins skarst inn í holdið, svo varla mátti greina hana. Sjónarvottur sagðist aldrei hafa séð annað eins á Íslandi.

Hundurinn ráfaði aftur að húsi umsjónarmanna sinna í hverfinu og þá sáu sjónarvottar að fleiri hundar voru þar í haldi. Þeir virtust þó ekki vera illa haldnir. Í kjölfarið hafði sjónarvottur samband við lögreglu.

Lögreglan segist hafa haft afskipti af málinu og beint þeim tilmælum til umsjónarmanna hundsins sem búa í þessu húsi í Skerjafirði, en eru ekki eigendur hundsins, að hafa ætti samráð við dýralækni. Að sögn lögreglu sögðu umsjónarmennirnir að hundurinn væri þungt haldinn af gigt og helst vildu þeir leyfa honum að deyja, en eigandi hans vilji ekki láta lóga honum. Engin kæra liggur fyrir vegna málsins.

-sgj



## Gróðurækt í Elliðaárdal

Þriðjudagskvöldið 4. júlí verður farin göngu- og fræðsluferð í Elliðaárdal undir leiðsögn Jóhanns Pálssonar grasfræðings.

Gróðurfar í Elliðaárdal er að hluta tilkomið vegna ræktunar af mannavöldun. Skoðaðar verða blóm- og trjáplöntur og hugað að þeim breytingum sem hafa orðið síðustu áratugi. Gangan hefst kl. 19.30 við Minjasafnið í Elliðaárdal.



Frekari upplýsingar á [www.or.is](http://www.or.is)



# Öflug og hagstæð vinnustöð á einstöku sumartilboði



**sumartilboð kr. 58.500**

## HP dx5150 borðtölva

- Örgjörvi: AMD 64bita X2 Athlon A4-3200 (2.0Ghz)
- Minni: 512MB (stækkantlegt í 4GB) DDR 400MHz
- Harður diskur: 40GB 7200rpm Serial ATA
- Drif: DVD 16x geisladrif
- Skjákort: AMD Radeon 9600 innbyggt VGA og DVI-D
- Netkort: Broadcom 10/100/1000 Wake on Lan
- Tengir: Serial, Parallel, 8 USB 2.0, Mic in, Line out
- Raufar: 2 Low Profile PCI, 1 Low Profile PCI Express
- Stýrikerfi: Windows XP Pro
- Ábyrgð: 1 ár á varahlutum, 1 ár á vinnu  
(val um 3ja ára ábyrgð með Carepack)

[www.ok.is](http://www.ok.is)

Opin kerfi ehf. er eini viðurkenndi innflutnings-, sölu-, og þjónustuaðili á tölvubúnaði frá HP á Íslandi og er í nánú samstarfi við sölu- og þjónustuaðila um land allt.

### Verslaðu aðeins hjá viðurkenndum HP söluaðila:

|                |           |                |                  |              |                |
|----------------|-----------|----------------|------------------|--------------|----------------|
| HP Búðin       | Reykjavík | sími: 568 5400 | Samhæfni         | Reykjanesbær | sími: 421 7755 |
| Office 1       | Skeifan   | sími: 550 4100 | TRS              | Selfoss      | sími: 480 3300 |
| Tölvuþjónustan | Akranes   | sími: 575 9200 | Bókaverslun P.S. | Húsavík      | sími: 464 1234 |

**OPIN KERFI**

Sími 570 1000 • [www.ok.is](http://www.ok.is)



**KONA KÝS Í KÚVEIT** Í ár var konum í Kúveit loksins leyft að kjósa og bjóða sig fram til þings. Þessi kappklædda kona nýtti sér rétt sinn síðastliðinn fimmtudag.

NORDICPHOTOS/AFP

Blóðbankinn þarf sjöttíu blóðgjafir á dag:

## Blóðbíllinn mikilvægur

**BLÓÐBANKINN** Marín Þórsdóttir, umsjónarmaður upplýsingasviðs Blóðbankans, segir að bíll Blóðbankans skipti miklu fyrir starfsemi þar sem hann auðveldi mjög alla blóðsöfnun sem fer fram utan bankans. Bíllinn kom til sögunnar árið 2002 en hann var gefinn af Rauða krossi Íslands. Marín segir að bíllinn fari í framhaldsskóla og háskóla á höfuðborgarsvæðinu, á vinnustaði og stofnanir. Einnig fari hann út fyrir höfuðborgarsvæðið, meðal annars til Stykkishólms og Sauðarkröks.

Aðspurð um það hvort fyrir-



**FRÁ BLÓÐBANKANUM** Það er mikilvægt að sem flestir gefi blóð reglulega.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

tæki hafi oft frumkvæði að því að koma í bankann svarar Marín því til að það gerist stundum og að

sum fyrirtæki hafi það á starfsmannastefnu sinni að gefa blóð en eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær gáfu starfsmenn Landsbankans blóð í bíl blóðbankans.

Marín segir að ekki sé blóðskortur í landinu en að Blóðbankinn þurfi að jafnaði um 70 blóðgjafir á hverjum degi. Á sumrin er nokkru minna um blóðgjafir þar sem margir eru í sumarfrí og með hugann við annað en að gefa blóð.

Um 5 prósent landsmanna gefa blóð en Marín segir að það sé markmið bankans að fá sem flesta til þess að gefa blóð.

- gþg

Ferðamálastofa:

## Kanna ferðavenjur í Asíu

**FERÐAÞJÓNUSTA** Niðurstöður rannsókna sem Ferðamálastofa í samvinnu við skrifstofu ferðamálaráðs Norðurlanda í Asíu hefur unnið að verða kynntar á næstu vikum en þær þykja áhugaverðar.

Var farið gaumgæfilega í ferðamynstur Asíubúa og benda niðurstöður til að talsverð sóknarferi séu til staðar fyrir íslenska ferðaðþjónustu.

Ferðamönnum frá Asíu hingað til lands hefur farið fjölgandi lítið eitt síðastliðin ár. Mun könnunin hjálpa aðilum í ferðaðþjónustunni að taka á móti þessu fólki.

- aðe



**MINNISMERKIÐ** Valgerður Sverrisdóttir og Sveinn Pálsson sveitarstjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURDUR HIJALMARSSON

Vík í Mýrdal:

## Minnismerki afhjúpað

**MINNISMERKI** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra afhjúpaði á laugardag minnismerkið Föer eftir listakonuna Steinunni Þórarinsdóttur í Vík í Mýrdal að viðstöddu fjölmenni en meðal gesta var sendiherra Bretlands á Íslandi, Alp Mehmet.

Verkið Föer er í tveimur hlutum. En fyrri hluti þess var settur upp í Hull fyrir viku síðan og sá seinni núna í Vík. Viðskipti á milli þessara tveggja þjóða hafa verið stunduð í yfir þúsund ár en verkið er einnig ætlað til að minnast sjófarenda.

- gþg

# Verðbólguhætta ef allir vilja hærri laun

Samkomulag ASÍ, SA og ríkisins á að stilla af mismun milli ríkisins og almenna markaðarins. Ef önnur stéttarfélag krefjast sömu hækkana er hætta á verðbólgu.

**KJARAMÁL** Samkomulag Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og ríkisins sem koma átti í veg fyrir yfirvofandi uppsögn kjarasamninga gæti haft öfug áhrif en ætlað var ef önnur stéttarfélag krefjast þess að starfsmenn þeirra njóti sömu hækkana á launum. Þetta segja fulltrúar frá ASÍ og SA, en í samkomulaginu kveður á um 5,5 prósent launahækkun fyrir þá sem ekki hafa fengið slíka hækkun seinasta árið. Einnig var samið um sérstaka fimmtán þúsund króna launahækkun ofan á lögstu kaupaxta.

„Tilgangurinn með þessum samningum um fimmtán þúsund króna launahækkunina var að jafna þá launataxta sem SA hefur samið um við helstu verkafélög og við þá taxa sem BSRB hafa samið um við ríki og sveitarfélög,“ segir Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA.



**INGIBJÖRG R. GUÐMUNDSDÓTTIR** **HANNES G. SIGURÐSSON**

„Staðreynd málsins er sú að ríki og stéttarfélag sem semja við ríki hafa verið launaleiðandi þrátt fyrir að í flestum öðrum löndum sé það almenni markaðurinn sem skilgreinir svigrúm til launahækkana. Með þessu samkomulagi er verið að gera tilraun til þess að stilla þetta af en ef aðrir fara að krefjast þess að fá það sama þá erum við bara að elta skottið á okkur.“

Á dögum var samþykkt að starfsmenn Íslandsþósts fengju

sömu hækkun og samið var um milli SA og ASÍ, eða 15 þúsund krónur á mánuði. „Íslandsþóstur hefur verið í svipaðri stöðu og þessir lágmarkstaxtar sem SA var að hækka og er nú verið að hækka þá þannig að þeir séu svipaðir lágmarkstóxtunum sem eru í gildi hjá SA,“ segir Hannes um þær hækkunir.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, segir mikilvægt að stéttarfélag taki þátt í að ná þeim markmiðum sem sett voru með samkomulaginu en stuðli ekki að verðbólgu með því að krefjast sömu hækkana.

„Það er alveg ljóst að ef allir vilja fá fimmtán þúsund kallinn, án tillits til þess sem þeir hafa nú, þá mistekst þessi aðgerð. Ef þetta á að takast þá verða allir að taka þátt. Það geta ekki allir fengið þennan fimmtán þúsund kall,“ segir Ingibjörg.

salvar@frettabladid.is



**HERMAÐUR** Bandarískur hermaður í Írak. Maðurinn tengist fréttinni ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarískir hermenn í Írak:

## Sagðir nauðga og myrðar

**ÍRAK, AP** Fimm bandarískir hermenn sæta nú rannsókn vegna ásakana um að hafa nauðgað ungru konu í Írak og drepið hana svo ásamt þremur fjölskyldumeðlimum hennar, að sögn talsmanna Bandaríkjahers.

Hermönnum er gert að hafa brennt lík konunnar að verknaðinum loknum, sem á að hafa átt sér stað að kvöldi dags sunnan Bagdad í mars. Einn hermanna er sagður hafa játað glæpin, sem varð til þess að hann uppgötvaðist. Sá hefur verið handtekinn.

Talsmennirnir voru fámálir um rannsóknina, sem kemur sér afar illa fyrir herinn, því bandarískir hermenn sæta nú þegar ýmsum ásökunum um illa meðferð á öbreyttum íröskum borgurum.

- smk

# 200.000 kr. úttekt

## Útivistartilboð með völdum Mitsubishi Pajero, Outlander og Pajero Sport.

Fjór hjóladrifs bílarnir frá Mitsubishi eru löngu orðnir að uppáhaldsferðafélögum lífsglaðra Íslendinga. Af því tilefni fylgir 200.000 kr. úttekt hjá Ellingsen völdum Pajero, Outlander og Pajero Sport. Njóttu sumarsins á sprækum fjór hjóladrifs bíl með fullu skotti af dóti frá Ellingsen.

**Ellingsen**

Gildir til 4. ágúst 2006 eða á meðan birgðir endast.

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is



www.bilathing.is  
bilathing@hekla.is

**BÍLAPING HEKLU**

Númer eitt í notuðum bílum

# Ný viðmið í hönnun, útliti og aksturseiginleikum fólksbíla



Verð frá 1.589 þús.

Suzuki Swift er bíll sem hefur sett ný viðmið í hönnun, útliti og aksturseiginleikum fólksbíla og hefur fengið fádæma góðar viðtökur um allan heim. Suzuki Swift var valinn bíll ársins á Íslandi 2006 af BIBB samtökum íslenskra bílablaðamanna. Suzuki Swift var einnig valinn „Car of the Year“ 2005 af virtasta bílablaði Bretlands „Car magazine“. Hann var valinn bíll ársins á Írlandi, Nýja-Sjálandi, Astralíu, Kína, Malasíu og Japan. Í Japan fékk Suzuki Swift líka „most fun special special achievement award“ og „Design award of the year“.




  
**SUZUKI**  
*...er lífsstíll!*

SUZUKI BÍLAR HF. SKEIFUNNI 17. SÍMI 568 51 00.  
[www.suzukibilar.is](http://www.suzukibilar.is)



## Svona erum við

&gt; Kílóverð á gulrótum í febrúar



Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur

hagur heimilanna

## MATUR Á MÁNUDEGI: SIGURÐUR FLOSASON TÓNLISTARMAÐUR

## Grillaður sítrónu- og hvítlaukskjúklingur

Pessa dagana er ég mest að grilla. Ég kaupi aldrei tilbúið grillkjöt í sósum, þurrkryddað eða pinnaþrætt. Hef hins vegar gaman af að undirbúa eitthvað skemmtilegt og er stundum að hugsa um eitthvað sem er ekki löðrandi í sætum barbecue-sósum, þó að þær séu góðar líka. Þessi uppskipt er mjög einföld, þrátt fyrir að eldunartímin sé talsverður.

**1 kjúklingur**  
**1 sítróna**  
**1 heill hvítlaukshaus**  
**ferskt krydd, gjarnan rósmarín eða timían**  
**salt og pipar.**

Grillið hitað og grindin olíuborin. Sítróna og hvítlaukshaus bæði skorin í tvennt, þversum. Hvorutveggja sett á grillið með sárið niður í nokkrar mínútur, eða þangað til

safi losnar og ilm leggur frá. Allt yfirborð kjúklingsins nuddað rækilega, fyrst með hvítlauknum og síðan með sítrónunni. Salti, pipar og fersku söxuðu kryddi stráð yfir eftir smekk. Sítróna og hvítlaukur sett inn í kjúklinginn. Kjúklingurinn settur á grillið og grillaður óbeint í eina til eina og hálf klukkustund eða þar hann tilbúinn (innri hiti mælist um 80 gráður).

Óbeint grillun er það þegar hitinn er ekki beint undir matnum. Á gasgrilli er þetta gert þannig að fyrst er grillið hitað með öllum brennurum.

Síðan er slökkt á öðrum/einum brennara, maturinn settur þar yfir og grillinu lokað. Á kolagrilli er heitum kolunum skipt í tvennt sitt hvorum megin á grillbotninum.

Álbakki er settur á milli, maturinn þar yfir og grillinu lokað, en loftgöt höfð opin í loki og botni.

Þetta má bera fram með fersku salati eða hrísgrjónum. Einfalt, heilnæmt og gott!



## SPARNAÐARRÁÐ

## JÁKVÆTT HUGARFAR SKIPTIR MIKLU MÁLI

Hjálmar Árnason, alþingismaður og formaður þingflokks Framsóknarflokksins.

Mitt aðal-sparnaðarráð er það, að fólk spari við sig sem mest það getur neikvæðar hugsanir og fúlheit. Með því móti nær fólk að spara svo mikla orku og laða fram jákvæðar og ferskar hugmyndir. Fólk verður miklu hamingjusamara og það er megin-tilgangurinn með lífinu.



## VERÐ Í ÞREMUR BORGUM

Fréttablaðið fór á stúfana á dögnum og lét kanna verð á þremur algengum en ólíkum vörum í heimborgunum London, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

■ Vörurnar sem teknar voru fyrir að þessu sinni eru tveir lítrar af kóki, Kodak V530 stafraen myndavél og venjulegt verð af nýrri DVD-mynd.



| Borg          | Kóki    | Kodak V530 | DVD-mynd  |
|---------------|---------|------------|-----------|
| London        | 186 kr. | 19.623 kr. | 1.831 kr. |
| Kaupmannahöfn | 137 kr. | 19.623 kr. | 2.618 kr. |
| Reykjavík     | 219 kr. | 27.980 kr. | 1.999 kr. |

Öll verð eru með virðisaukaskatti og miðast við gengi gjaldmiðla þegar þau voru könnuð. Ekki var leitað eftir ódýrasta verðinu á hverri vöru.

## ■ Neytendasamtökin kanna verð á gjaldeyri Hagstæðara að nota kreditkort

Neytendasamtökin könnuðu nýlega hvað það kostaði að kaupa gjaldeyri. Í ljós kom að lítil munur er á milli söluaðila en Forex í Bankastræti var með lægsta verðið og Landsbankinn í Leifsstöð það hæsta en þar var verðið 2,5 prósentum hærra en hjá Forex. Það er hagstæðara að nota kreditkort fremur en debetkort og enn fremur er betra að borga með kreditkortunum í verslunum en að taka út peninga með því í hraðbönkum.

### Þóknarir kreditortafyrirtækjanna:

Kreditkort notað í hraðbanka: 2,5%  
 Kreditkort notað í verslun: 0%  
 Debetkort notað í hraðbanka: 2%  
 Debetkort notað í verslun: 1%



# Fjarðarkaup ódýrust af þjónustubúðum

Í verðkönnun ASÍ á dögnum var Bónus með lægsta verðið og Krónan kom þar á eftir. Klukkubúðirnar með hátt vöruverð og lítið vöruúrval. Verðmunur á milli búða yfir 100 prósent í þremur tilvikum.

Bónus var oftast með lægsta verðið í verðkönnun sem ASÍ gerði í síðustu viku en Krónan var með næst lægsta verðið og yfirleitt var verðmunurinn á milli þessara tveggja verslana aðeins ein króna. Það reyndist vera mikill verðmunur á brauði í þeim tólf verslunum sem könnunin náði til eða á milli 60 og 80 prósent. Mestur var verðmunurinn á Toffypops-kexi eða 124 prósent á pakka.

Ellefu-ellefu var með hæsta verðið í flestum tilvikum, eða 31 af 53 og Tíu-ellefu var næst oftast með hæsta verðið en var með lakasta vöruúrvalið, átti ekki til 20 vörur af þeim 53 sem kannaðar voru. Nokkuð var um ómerkt-

ar vörur í könnuninni en flestar voru þær í Gripið og greitt, tíu vörur af 53.

Hagkaup, Fjarðarkaup, Samkaup Úrval og Nóatún vantaði aðeins tvær til þjár vörutegundir af þeim 53 sem kannaðar voru. Ef þær ellefu vörutegundir sem ekki voru til eða ekki voru verðmerktar eru teknar út kemur í ljós að vörufarfan í Fjarðarkaupum er sú ódýrasta í þessum fjórum búðum. Vörurnar í Fjarðarkaupum kosta 9.634 eins og sést á meðfylgjandi töflu. Verðmunurinn á milli þessara fjögurra búða var allt að 46 prósentum en reyndist í flestum tilfellum vera á bilinu 15-20 prósent.

Sveinn Sigurbergsson í Fjarð-

### Vörufarfan í þjónustubúðunum eftir að leiðrétt hefur verið fyrir þeim vörum sem ekki voru til:

|                |               |
|----------------|---------------|
| Fjarðarkaup:   | 9.634 krónur  |
| Hagkaup:       | 10.382 krónur |
| Nóatún:        | 10.832 krónur |
| Samkaup Úrval: | 10.508 krónur |

arkaupum segir búðina kappkosta að eiga þær vörur til sem viðskiptavinir óski eftir. Hann segir að munurinn á milli þeirra og annarra þjónustuverslana sé að þeir versli beint við birgjana og geti þannig valið úr þær vörutegundir sem viðskiptavinirnir biðji um.

gudrun@frettabladid.is

Guerlain kynnr nýtt augnkrem

## SUCCESS EYE TECH,

EYELID LIFTER WRINKLE MINIMIZER,  
 REINFORCED ACTION

Einnig kynnum við nýjungar í SUCCESS MODEL línunni:  
 SUCCESS MODEL SMOOTHING MASK, QUICK LIFT ACTION  
 SUCCESS MODEL SMOOTHING TONER ADVANCED FORMULA

Þetta augnkrem er sérlega lyftandi og styrkjandi  
**Dregur úr hrukkmyndun**  
**Dregur úr myndun þrota og bauga**  
**Gefur fallegan ljóma í kingum augun**

Framleitt undir eftirliti augnlækna og ofnæmislækna er ilmefna og olíulaust.

**issima**  
**SUCCESS EYE TECH**  
 LIFTÉUR PAUPIÈRE - RÉDUCTEUR RIDES  
 ACTION RENFORCÉE

**Kaupuki:**  
 Verðmæti gjafarinnar er 5.300 kr. gildir með kaupum á tveim hlutum í Guerlain þar af einu kremi.

Útsöluastaðir eru: Snyrtistofan Garðatorgi, Glæsibæ, Lyf og Heilsa Kringlan, Maður og Kona Laugavegi, Laugar, Hygea Smáralind, Hygea kringlan, Bylgjan Hamraborg Kópavogi, Snyrtistofan Hár & heilsa Akureyri, Snyrtihús Bergdísar Grafarholti.



INNAKAUPAKARFA Margir bregða á það ráð að kaupa nauðsynjar í lágvöruslunum en afganginn í þjónustubúðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Notkun á tjaldvögnum eykst frá ári til árs:

## Betra að eiga en leigja

Marga dreymir um það að eignast tjaldvagn og ferðast um landið og komast hjá kulda og bleytu sem oft fylgir tjaldútileigum. Fréttablaðið kannaði leiguverð á tjaldvögnum á fjórum stöðum um landið og reyndist verðið í þrem tilvikum vera 25.000 krónur fyrir vikuleigu og á einum staðnum var það 30.000 krónur. Sum stéttarfélög bjóða einnig meðlimum sínum að leigja tjaldvagn, hjá Eflingu kostar vikuleigan 12.000 krónur og hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur kostar hún 16.500 krónur í sex daga en um hefðbundna fjögurra manna vagna er að ræða í báðum tilvikum.

Frá Seglagerðinni Ægi fengust þær upplýsingar að meðaltjaldvagn kosti á bilinu 650.000-700.000 krónur og að viðhald sé fremur lítið. Tjaldvagninn er tryggður á meðan keyrt er með hann og hann tengdur í bílinn. Eftir það þarf að tryggja hann sérstaklega sé þess óskað, til



TJALDVAGNAR Sala á tjaldvögnum er sífellt að aukast. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

dæmis að tryggja hann fyrir bruna. Ætla má að tjaldvagnar endist í um 20 ár ef vel er hugsað um þá og þeir geymdir inni yfir vetrartím-ann. Ef gert er ráð fyrir að vagninn kosti 700.000 og endist í 20 ár þá þarf að fara í 28 ferðir yfir þetta tímabil til þess að það borgi sig að eiga vagninn fremur en að leigja hann. Það gerir rúmlega eina ferð á ári en ætla má að flestar fjölskyldur fari að minnsta kosti í eina til tvær útileigur yfir sumartímann.

**sóltíloð**

**Ford Fiesta Trend**  
1,6i 5 dyra sjálfskiptur\*  
Sóltíloð 1.720.000 kr.  
Bílasamningur 21.220 kr.  
Rekstrarleiga 32.700 kr.



# Sjálfskipt í Fiesta. Núna

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplífuðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

**Fiesta er nýtt tákni um gæði. Veldu Ford.**

Fáir bílar eru jafn léttir í akstri og Ford Fiesta. Þú vilt sterkan sjálfskiptan smábíl sem gott er að keyra og auðvelt er að umgangast. Bíl sem auðvelt er að fara inn í - og út úr - án þess að þurfa reyna mikið á líkamann; hendur, fætur, mjóðm eða bak - þú prófar nýjan og breytta Fiesta. Skiptu núna um bíl: Fiesta er nýtt tákni um nýja hönnun smábíla og skartar því besta frá stærri bílum eins og Focus og Mondeo. Taktu um stýrið og alvöru sjálfskiptingun gefur til kynna að þú ert í meiri og betri bíl en áður. Tryggðu öryggi þitt. Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu nýjan og breytta Ford Fiesta.

**Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl á góðu sóltíloði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á sóltíloði.

**Atriði af gæðalista staðalbúnaðar Fiesta:**

- |                                |                              |
|--------------------------------|------------------------------|
| IPS öryggisbúnaður             | Upphitanleg framsæti         |
| 4 öryggisúðar                  | Trend áklæði á sætum         |
| 5 höfuðpúðar                   | Tvískipt aftursæti           |
| ABS hemlalæsisvörn             | Geislaspilari og 4 hátalarar |
| EBD hemlajöfnun                | Rafdrifnar rúður að framan   |
| Rafstýrðir bílbeltastrekkjarar | Fjaropnun á skotti           |
| Hæðarstíllt bílbelti að framan | Rafdrifnir og upphitanlegir  |
| Ræsisvörn                      | Útispeglar                   |
| Fjarstýrð samlæsing            | Litað gler                   |
| Hæðarstilling á öku mannssæti  | Samlitir stuðarar            |
| Hæðarstillanlegt stýri         | Pokuljós                     |

**Þú vilt kannski vera sportlegri?**

Þó Fiesta sé ríkulegur í alla staði með óvenjulega miklum staðalbúnaði er samt hægt að fá Ford Fiesta í ST sportútfærslu. Fyrir utan sportlegra útlit má telja m.a. sportfjórðun, ST-gírkassa, öflugt bremsuakerfi, 16 tommu álfelgur, fótstig úr áli, sportstýri og 2,0 lítra, 150 hestafla vél. Skoðuðu Ford Fiesta ST. Smelltu á ford.is. Komdu í Brimborg.

**Ford Fiesta ST**  
2,0i 3 dyra 5 girá\*  
Sóltíloð 1.990.000 kr.  
Bílasamningur 24.500 kr.



Aflaðu þér frekari upplýsinga [www.ford.is](http://www.ford.is)

**Komdu núna. Sóltíloð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**

**Nýttu þér kynningartilboðin á nýjum og breyttum Ford Fiesta**  
**Skoðuðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi**



**Ford Fiesta Trend**  
1,4i 5 dyra 5 girá\*  
Sóltíloð 1.560.000 kr.  
Bílasamningur 19.250 kr.  
Rekstrarleiga 29.900 kr.



**Ford Fusion Trend**  
1,6i 5 dyra sjálfskiptur\*  
Sóltíloð 1.770.000 kr.  
Bílasamningur 21.830 kr.  
Rekstrarleiga 33.900 kr.



**Ford Focus Trend**  
1,6i 5 dyra 5 girá\*  
Sóltíloð 1.995.000 kr.  
Bílasamningur 24.610 kr.  
Rekstrarleiga 36.400 kr.



**Ford Focus C-Max Trend**  
2,0i 5 dyra sjálfskiptur\*  
Sóltíloð 2.390.000 kr.  
Bílasamningur 29.480 kr.  
Rekstrarleiga 42.600 kr.



**Ford Mondeo Trend**  
2,0i 5 dyra sjálfskiptur\*  
Sóltíloð 2.390.000 kr.  
Bílasamningur 29.480 kr.  
Rekstrarleiga 44.700 kr.



**Ford Mustang Premium**  
4,0i V6 sjálfskiptur\*  
Sóltíloð 3.290.000 kr.  
Bílasamningur 40.590 kr.



**Ford Escape GPS Active 4x4**  
2,3i 5 dyra sjálfskiptur\*  
Sóltíloð 2.990.000 kr.  
Bílasamningur 36.768 kr.  
Rekstrarleiga 54.169 kr.



**Ford Freestyle SEL 4x4**  
3,0i V6 7 manna sjálfskiptur\*  
Sóltíloð 3.590.000 kr.  
Bílasamningur 44.290 kr.  
Rekstrarleiga 59.900 kr.



**Ford Explorer XLT Sport 4x4**  
4,0i V6 5 dyra sjálfskiptur\*  
Sóltíloð 4.490.000 kr.  
Bílasamningur 55.400 kr.  
Rekstrarleiga 84.300 kr.



**Ford Expedition Limited 4x4**  
5,4i V8 8 manna sjálfskiptur\*  
Sóltíloð 5.690.000 kr.  
Bílasamningur 70.200 kr.  
Rekstrarleiga 106.300 kr.



**Ford Ranger XL Crew Cab 4x4**  
2,5 turbo dísil 5 girá\*  
Sóltíloð 2.590.000 kr.  
Bílasamningur 31.950 kr.  
Rekstrarleiga 47.600 kr.



**Ford F150 Lariat SuperCrew 4x4**  
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur\*  
Sóltíloð 3.999.000 kr.  
Bílasamningur 49.350 kr.



**Ford F350 Lariat Crew Cab 4x4**  
6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur\*  
Sóltíloð 4.220.000 kr.  
Bílasamningur 52.070 kr.



**Ford GT**  
5,4i V8 550 hö 6 girá\*  
Sóltíloð 30.150.000 kr.  
Bílasamningur 370.000 kr.  
Ef rekstrarleiga 568.000 kr.  
Rekstrarleiga er sett þótt einn tíl gamans en bíllinn er ekki fánlegur á rekstrarleigu.

**sóltíloð**

**Komdu núna. Sóltíloð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**



**Í bíltúr í Ford GT?**

Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðuðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

**FORD GT**

Komdu og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar líða fer á sumarið.

Sumarið er í Brimborg



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.ford.is](http://www.ford.is)



Öruggur staður til að vera á

\* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendrar mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarta. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendrar mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. \*\* Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á aðalmynd: álfelgur.

## „ORÐRÉTT“

## Ráðherra trommar

„Ég keypti mér nýlega trommuset og það er alveg firma gott að taka góða rispu á settinu þegar maður vill fá útrás.“

MAGNÚS STEFÁNSSON  
FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA VAR Í  
HLJÓMSVEITINNI UPPLÝFTINGU  
Á SÍNUM TÍMA OG SEGIST ENGU  
HAFA GLEÝMT.

## Sveitarstjóri agndofa

„Loksins þegar menn sáu hilla undir að þetta yrði boðið út þá er það hoggð af með vísun til þenslu-áhrifa, sem er með hreinum ólíkindum.“

BJÖRN INGIMARSSON, SVEITAR-  
STJÓRI Í LANGANESBYGGÐ, SEGIR  
MIKLA REIÐI RÍKJA Á SVÆÐINU  
MEÐ ÁFORM RÍKISSTJÓRNARINNAR  
UM FRESTUN VEGAFRAMKVÆMDA.

nær og fjær  
tilveran

## SJÓNARHÓLL

STOFNUN ÞJÓÐARÖRYGGIS-  
DEILDAR Á ÍSLANDI

Vantar ekki  
djeimsbonda

„Til hvers?“ svarar Hörður Torfason þegar hann er spurður út í hvort hann sé sammála Birni Bjarnasyni um nauðsyn þess að setja á fót sérstaka þjóðaröryggisdeild á Íslandi. „Mér líst



HÖRÐUR TORFASON

aldrei vel á hernaðaraðgerðir í einu eða öðru formi og ég tengi þetta hernaðarbrölt við vænisýki sem er komin til vegna stefnu Bush-stjórnarinnar. Mér finnst þetta algjör óþarfi. Rökin fyrir að gera svona verða að vera sterk. Það þýðir víst ekkert að vera einsýnn og horfa bara í aðra áttina og segjast vera á móti öllum hernaði, en við þurfum að spyrja okkur hvaða ástæðu við höfum til að setja svona nokkuð á stökk. Og hver er hún? Hvað hefur víkingasveitin til dæmis haft að gera? Hver er reynslan af henni? Mér finnst beinlínis hlægilegt í okkar litla samfélagi að vera með þessa víkingasveit til að berjast við einhverjar fyllibyttur sem vita ekki hvað þær eru að gera. Og eigi að nota varnarsamstarf okkar í NATO sem rök fyrir nauðsyn þjóðaröryggisdeildar, þá væri nú mun kærkomnara að segja sig bara úr því. Einhvern tímann verða menn að bakka út úr þessu hernaðarbrölti og við ættum frekar að vera stolt af því að segja okkur frá þessu frekar en að vera að búa til einhverja djeimsbonda. Þetta er orðið allt of mikið af hinu góða.

Okkar peningum er mun betur varið annarstaðar, til dæmis mætti þrifa borgina okkar og framfylgja þeim lögum sem sett eru. Alþingi mætti svo sannarlega sýna meiri sjálfsvirðingu í þeim málum.“

## HVAD ER AÐ FRÉTTA? GUÐMUNDUR KRISTINN JÓNSSON TÓNLISTARMAÐUR

## Vinnur að plötu með KK

„Ég er að klára nokkrar plötur, KK-plötuna og Baggalúts-plötuna og svo erum við Hjálmarnir að spila svöldið þessa dagana,“ segir Guðmundur Kristinn Jónsson, upptökumaður og tónlistarmaður í Hjálmmum og Baggalúti. „Við erum að fara að spila í Danmörku og Eistlandi á miðvikudaginn og föstudaginn.“

Ég held að þessi KK-plata sé bara mjög skemmtileg, hann er að gera blúsplötuna sem hann hefur alltaf langað til þess að gera en hefur aldrei almennilega klárað og núna loksins held ég að hann hafi klárað frábæra blúsplötu,“ segir Kiddi. Hann er aðallega að vinna við upptökustjórn í dag en hann hefur verið að vinna við það í um sex ár.

„Við vorum að gefa út núna nýtt lag, svona til þess að minna á sig, Stuðmannalagið Ólína og ég.“ Hjálmar voru að spila á Laugarvatni og

Flúðum um síðustu helgi. Kiddi segir að það geti stundum verið smá mál að púsla sveitinni saman þar sem þeir meðlimir hennar búa erlendis. „Það eru þeir Svíar í Hjálmmum, það var einn sem spilaði á bassa á fyrstu plötunni en svo má maður ekki skilja vini hans útundan.“ Hjálmar eru bókaðir í Húsdýragarðinn og á Innipúkann um verslunarmannahelgina en þar héldu Stuðmenn stórtónleika í fyrra. „Það er gaman að spila fyrir svona öðruvísi „crowd“, það stuðar mann alltaf þegar maður er að spila og það brjótast út slagsmál en ég vona að það verði lítið um pústra í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, við bindum vonir við það. Það er gaman að spila á böllum en það er líka rosalega gaman að spila fyrir fólk sem hefur fulla athygli, ég myndi þó sakna þess ef ég væri ekki að spila á böllum,“ segir Kiddi að



lokum.

## Flest morð framín í heimahúsi

Í rannsókn sem Auður Eiríksdóttir gerði á manndrápum á Íslandi síðustu 30 ár kemur í ljós að þáttur áfengis- og vímuefna í manndrápsmálum hefur aukist en alvarlega geðveikum gerendum fækkar. Þá flýja fleiri morðingjar af vettvangi.

„Ég fór í gegnum 46 manndrápsmál sem fóru fyrir Hæstarétt og fór jafnframt yfir 28 geðheilbrigðisráðgjafar í þessum sömu málum. Helstu niðurstöður eru þær að á síðustu 30 árum fækkar þeim gerendum sem eru alvarlega geðveikir. Á fyrra tímabilinu voru þeir 27,7 prósent en síðustu 30 árin eru þeir aðeins 9,8 prósent,“ segir Auður Eiríksdóttir sem gerði úttekt á manndrápum á Íslandi.

Auður segir niðurstöðurnar einnig benda til þess að þáttur áfengis- og vímuefna í manndrápsmálum hafi aukist og 77,8 prósent þeirra sem gerðust sekir um manndráp síðastliðin 30 ár hafi verið undir áhrifum áfengis.

Auður segir brotin oftast framín í heimahúsi en næst algengasti vettvangurinn er á víðavangi. „Þá var athyglisvert að 75 prósent gerenda höfðu áður hlotið dóm fyrir afbrot sem er talsvert hærra hlutfall en kom út úr rannsóknunum á fyrra tímabili.“ Auður segir að í meirihluta tilfella hafi manndráp verið framín af ásetningu.

„Þá vekur einnig athygli að verknaðaraðferðir hafa breyst í tímans rás. Fyrir 30 árum var algengast að högg með hnefa eða bitlausu vopni væri banameinið en síðustu 30 ár er í langflestum



AUÐUR EIRÍKSDÓTTIR Segir manndráp í meirihluta tilfella framín af ásetningu og að gerandi og þolandi þekktist oftast.

tilfellum notaður hnífur við verknadinn.“

Rannsókn Auðar leiddi í ljós að í flestum tilfellum eru gerendur og þolendur kunnugir og þeir sem eru alvarlega geðveikir eru líklegastir til að myrða einhvern náinn, oftast maka. „Sömu sögu má segja um konur en þær eru líklegastar til að fremja morð innan veggja heimilisins og er fórnarlamb þeirra oftast maki.“

Þá er orðið algengara að brotamenn flýi af vettvangi eftir verkn-

að og reyni að fela sig fyrir lög-reglunni.“

Auður segir að í flestum tilfellum hafi afbrotamenn verið handteknir innan við sex klukkutíma frá manndrápinu og í langflestum tilfellum náðust brotamenn innan viku.

Ritgerð Auðar er hluti af stærra verkefni sem Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur, Gísli H. Guðjónsson réttarsálfræðingur og Hannes Pétursson geðlæknir eru að vinna að. Jón Friðrik var jafn-

fram leiðbeinandi Auðar.

Rannsókn Auðar byggir á fyrri rannsóknum Gísla H. Guðjónssonar og Hannesar Péturssonar á manndrápum á Íslandi á árunum 1900-1979. Rannsókn Auðar náði hins vegar yfir öll manndrápsmál á tímabilinu 1976-2003. Auður ber sínar niðurstöður saman við niðurstöður Gísla og Hannesar og kannar þær breytingar sem orðið hafa á eðli manndrápa á þessum tímabilum.

hugrun@frettabladid.is

## Stökktu til Króatíu

12. eða 19. júlí

frá kr. 39.990

## Verð kr. 39.990

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Aukavika kr. 10.000. Athugið 19. júlí er einungis 2 vikur í boði.

## Verð kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í viku. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Aukavika kr. 10.000. Athugið 19. júlí er einungis 2 vikur í boði.

## Síðustu sætin

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Króatíu í júlí. Króatía hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri  
sími 401 1099 • www.heimsferdir.is




AF VETTANGI MORÐS Það færir í aukana að morðingjar flýi af vettvangi en þrátt fyrir það finnst þeir í langflestum tilfellum innan viku.

PEUGEOT

# LJÓNHEPPNI NÚNA

PEUGEOTLÍNAN Á FRÁBÆRU VERÐI



**KOMDU STRAX  
TAKMARKAD  
FRAMBOD**

[www.peugeot.is](http://www.peugeot.is)

Veldu skemmtilegasta, snarpasta og sætasta ljónið á veginum eða þá eiginleika sem þér þykja bestir. Peugeot hefur þá alla; stórglæsilegan stíl, frumlega hönnun, fjölbreytta tækni og frábæra aksturseiginleika. Ótrúlega mikið fyrir ótrúlega lítið.



PEUGEOT

**BERNHARD**


BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**

Reykjanesbær, **Bernhard**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985  
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

## Svona erum við

> Konur á aldrinum 15-89 ára sem reykja daglega



Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL-GREINING: GAZA-STRÖNDIN

## Meirihluti býr við sára fátækt

Gaza-ströndin er nú mjög í fréttum eftir að Ísraelar réðust þangað inn á dögunum til að leita að ísraelskum hermanni, sem hafði verið hneppurt í hald af palestínskum skæruliðum.

### Hver á Gaza-ströndina?

Palestínu var skipt í tvennt árið 1947 milli Palestínanna og Ísraelsmanna. Fyrir þann tíma voru níutíu og þrjú prósent landsvæðisins í eigu Palestínanna og þeir því ekki sáttir. Þetta er ástæða þess að Palestínumenn neit-uðu upphaflega að stofna ríki á svæðinu sem þeim var úthlutað. Ísraelsmenn hertóku síðan Gaza-ströndina árið 1967 og eftir það var hún hernumið svæði þeirra í tæp fjórtíu ár. Ísraelar skiluðu Gaza-ströndinni aftur samkvæmt Sharon-áætluninni á síðasta ári, en þeir stjórna þó enn landamærunum, land- og lofthelgi og áskilja sér rétt til að heimsækja svæðið að vild.



### Hvernig er daglegt líf á Gaza?

Rúmlega tveir-þriðju hlutar íbúa Gaza-strand- arinnar lífa undir fátæktarmörkum. Þeir hafa mjög takmarkað ferðafrelsi og þurfa að fá leyfi frá Ísraelum til að fara yfir landamærin. Slíkt leyfi er ekki auðsött. Ísraelski herinn hefur

rústað heimilum þrjú þúsund manna í það minnsta og eitt fyrsta skotmarkið í yfirstand- andi „þjörgunaraðgerð“ var eina raforkuverið á svæðinu. Þar er því lítið um rafmagn. Vegir og brýr hafa einnig verið sprengdar upp. Fjölskyldum hefur verið tvístað og Ísraelski herinn meinar mörgum brottfluttum fjölskyldumeð- limum að sameinast á ný.

### Hvað gera börn sér til dundurs á Gaza-ströndinni?

Ljósasti punktur daglegrar tilveru á Gaza-strönd- inni er strandlengjan sjálf, en ströndin hefur löngum verið útivistarsvæði fyrir Palestínumenn og eini staðurinn sem þeir hafa í raun og veru til að slappa af dags daglega. Ströndin er hins vegar hættuleg fyrir ýmsar sakir, til dæmis eru þar mjög sterkir og lúmskir hafstraumar. Lífverð- ir á Gaza-ströndinni þurfa því að hafa sig alla við.

## SPURT & SVARAÐ

KRABBAMEINSFÉLAGIÐ

### Velvild starfseminni mikilvæg

Krabbameinsfélagið fékk á dög- unum tíu milljóna króna styrk frá Actavis og sagði Guðrún Agnars- dóttir forstjóri félagsins við það tilefni að styrkurinn kæmi sér vel við hin ýmsu verkefni sem félagið vinnur að.

#### Hver er saga félagsins?

Krabbameinsfélag Íslands er áhugamannafélag stofnað fyrir 55 árum og allt starf þess hefur beinst að fjórum meginmarkiðum; stuðla að þekkingu og menntun um krabbamein og krabbameins- varnir, efla krabbameinsrannsóknir, beita sér fyrir leit að krabbameini á byrjunarstigi og að styðja framfarir í meðferð krabbameins og umönnun krabbameinssjúklinga.

#### Hver eru verkefni félagsins?

Stærsta verkefnið er leit að krabba- meini í leghálsi og brjóstum kvenna sem hefur borið mjög góðan árang- ur og tíðni leghálskrabbameins hefur lækkað afar mikið í kjölfarið. Lífun eftir greiningu með brjóst- krabbameini er betri hér á landi en víðast hvar í Evrópu og hefur verið sýnt fram á að leit á drýgstan þátt í því. Mikill áhugi er hjá félaginu að hefja leit að ristilkrabbameini og síðan er almennt fræðslustarf, eink- um tóbaksvarnarstarf, krabbameins- skrá sem nær til allrar þjóðarinnar, rannsóknarstofa með áherslu á brjóstkrabbameinsrannsóknir og margvísleg stuðningsþjónusta við



krabbameinssjúklinga en nú er í undirbúningi ráðgjafa- og þjónustu- miðstöð fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur.

#### Hvað þýðingu hefur svona styrkur?

Þessi styrkur er okkur mjög kærkominn þar sem við byggjum mikinn hluta starfs okkar á velvild almennings og fyrirtækja. Leit- starfið er rekið á þjónustusamningi við ríkið og við fáum einnig hluta af rekstrarkostnaði við Krabbameins- skrána þaðan. Velvild fólksins í land- inu og skilningur þess á gildi þeirra starfa sem hér eru unnin í þágu almennings skiptir okkur miklu máli og fyrir hana erum við þakklát.



FANGABÚÐIR BANDARÍKAHERS VIÐ GUANTANAMOFLOA Á KÚBU Bandarískur hermaður stendur vörð meðan annar gengur hringinn og kíkir inn í fangaklefa hvern á fætur öðrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Dómur breytir litlu fyrir fangana í Guantánamo

Þrátt fyrir að Hæstiréttur Bandaríkjanna hafi á fimmtudag kveðið upp þann úrskurð að engin lagaleg heimild sé fyrir því að láta sérstakar dómara- nefndir rétta í málum fanganna í Guantánamo á Kúbu, þá er ólíklegt að úrskurðurinn breyti miklu fyrir þá 450 fanga sem enn eru þar í haldi.

Í úrskurðinum er engin afstaða tekin til þess hvort fangabúðir bandaríska hersins á Kúbu geti talist lögmætar, heldur er eingöngu fjallað um það hvort núverandi fyrirkomulag á réttarhöldum yfir fangunum fái staðist laga- kröfur.

Dómstólarnir, sem fjalla um mál fanganna á Kúbu, starfa sam- kvæmt tilskipun frá Bush Band- aríkjaforseta frá 13. nóvember 2001, þar sem kveðið er á um að sérstakar dómara nefndir á vegum hersins verði skipaðar til þess að fjalla um mál hvers fanga.

Með þessu fyrirkomulagi reyndu bandarísk stjórnvöld að koma bæði í veg fyrir að mál fanga- anna kæmu til kasta almennra dómstóla í Bandaríkjunum, þar sem fangarnir njóta ekki réttar- stöðu almennra borgara, og einnig hefðbundinna herdómstóla, þar sem fangarnir njóta heldur ekki réttarstöðu stríðsfanga sam- kvæmt Genfarsáttmálunum.

Niðurstaða Hæstaréttar væri sú að þetta fyrirkomulag bryti bæði í bága við bandarískt herlög og Genfarsamningana um réttindi stríðsfanga.

#### Úrskurðinum fagnað

Úrskurðurinn þykir verulegt áfall fyrir George W. Bush forseta og ríkisstjórn hans. Þeir fjölmörgu sem gagnrýnt hafa jafnt fanga- búðirnar í Guantánamo sem og réttarhöldin yfir fangunum þar hafa ákaft fagnað úrskurðinum. „Þetta er sigur réttarkerfisins í baráttunni gegn mistökum, van- hæfni og hræðni,“ sagði til dæmis Terry Davis, sem er framkvæmda- stjóri Evrópuráðsins.

Fyrstu viðbrögð bandarískra ráðamanna voru einfaldlega þau, að málið verði leyst með því þjóðþing Bandaríkjanna samþykki lög sem myndu veita réttarhöldum yfir fangunum í Guantánamo nægilega sterkan lagalegan grunn.

#### Þinginu falið að leysa vandann

Strax á fimmtudaginn sagðist Bill Frist, sem er leiðtogi repúblikana í öldungadeild Bandaríkjaþings, ætla að leggja frumvarp þess efnis fyrir þingið fljótlega eftir að þingið kemur saman á ný eftir hlé, sem gert er á þingstjórnunum í tilefni af fjórða júlí, þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna.

Bush forseti tók undir þetta á blaðamannafundi, fullvissaði þjóð- ina um að hann myndi taka þennan úrskurð frá Hæstarétti „alvar- lega“ og sagðist ætla að vinna með þinginu til þess að finna lausn á

þessum vanda, en bætti því jafn- harðan við að „engir skúrkar“ yrðu látnir lausir „út á götunar“.

#### Fjórtán fangar

Aldreif hefur staðið til að dóm- araneindir muni fjalla um mál allra fanganna sem dveljast á Guantánamo, því aðeins er reikn- að með því að 40 til 80 fangar verði áður en yfir lýkur ákærðir og dregnir fyrir dómara nefnd.

Óljóst er með öllu hvað verður um hina fangana, en víst er að úrskurður Hæstaréttar hefur bein áhrif á fjórtán af fangunum við Guantánamo, þar sem mál þeirra er annað hvort þegar komið til kasta dómara nefnda, eða átti að koma til umfjöllunar á næstunni.

Úrskurður Hæstaréttar snerist reyndar eingöngu um mál eins þessara fanga, sem heitir Salim Ahmed Hamdan. Hann er frá Jemen, fæddur 1970 og var um fimm ára skeið einkabílstjóri og lífvörður Osama bin Laden. Hamdan var handtekinn í Afgan- istan í nóvember 2001, þegar inn- rás Bandaríkjamanna stóð sem hæst. Í ársbyrjun 2002 var hann fluttur til Guantánamo ásamt hundruðum annarra fanga, en það var svo ekki fyrr en í júlí árið 2004, eða tveimur og hálfu ári síðar, sem hann var loks ákærður fyrir að hafa átt hlut að „samsæri um að fremja hryðjuverk“.

## Unnur Ösp

Skapar fantasíuheim á stóra sviðinu



Birta er komin út!

Markaðsstemming í miðbænum Ásta hannar fyrir erlendan markað Krullað og náttúrulegt Öflugasta sjónvarpsdagskráin

**birta**  
MEST LESNA • TÍMARIT LANDSINS



FRÉTTASKÝRING  
GUDSTEINN BJARNASON  
gudsteinn@frettabladid.is



**HONDA**  
The Power of Dreams



**KOMDU STRAX  
OG FÁDU ÞÉR  
CR-V Á HONDA  
TILBOÐSVERÐI**

4x4xTilboðsdagar



Honda CR-V á sérstöku verði

[honda.is](http://honda.is)



Nú færðu Honda CR-V, bílinn með rýmið og drifgetuna fyrir þig, þína og allt dótið á sérstöku Honda verði. Þú kemur og setur saman þína útfærslu af Honda CR-V og við semjum svo um verðið. Þú þarft ekki að velja á milli rýmis, tækni og verðs - fjórhjóladrifinn Honda CR-V hefur þetta allt saman. Komdu og veldu Honda CR-V eftir þínum óskum – Honda gæðin og áreiðanleikinn fylgja alltaf með.

**BERNHARD**  
Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100  
[www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)

# skoðun

SKJÓNARMÍÐ  
KÁRI JÓNASSON

Reykingsbann eina sem dugur:

## Óbeinar reykingar

Landlæknir Bandaríkjanna birti í síðustu viku skýrslu um áhrif óbeinna reykinga á þá sem ekki reykja, og þar er tekinn af allur vafi um skaðsemi óbeinna reykinga. Segir í skýrslunni að óbeinar reykingar séu óumdeilanlega mikið heilbrigðisvandamál, sem valdi ótímabærum dauða af völdum hjartasjúkdóma og krabbameins meðal þúsunda manna, sem ekki reykja.

Það voru löngum miklar umræður um það hvort óbeinar reykingar væru hættulegar heilsu manna og gerðar margar rannsóknir þar að lútandi. Allt frá því að skýrsla bandaríska landlæknisins um þetta efni kom út fyrir tíu árum hafa fleiri og fleiri rannsóknaniðurstöður bent til hættunnar sem stafar af óbeinum reykingum og nú segir embætti hans að það þurfi ekki að ræða þetta mál frekar, því niðurstöður rannsókna séu alveg á hreinu.

Þetta eru miklar fullyrðingar, sem vonandi eru byggðar á staðreyndum. Reyndar er það svo að á allra síðustu árum hafa fleiri og fleiri lönd sett lög til að koma í veg fyrir skaða af völdum óbeinna reykinga. Engin slík lög hafa á vísu verið sett í þessa veru á landsvísu í sjálfum Bandaríkjunum, en mörg ríki þar í landi hafa hins vegar sett reglur um bann við reykingum á almenningsstöðum og á veitingahúsum svo dæmi séu tekin. Ástæða þess að reykingabann hefur ekki verið leitt í landslög í Bandaríkjunum, eru sú að þingmenn þar í landi eru undir gífurlegum þrýstingi frá opinberum og óopinberum fulltrúum tóbaksíðnaðarins þar í landi. Það er líka álit margra að það sé betra fyrir andstæðinga reykinga að bann við þeim sé á vettvangi ríkjanna, en ekki alríkislög, sem myndu þá verða miklu veikari og með mörgum undanþágum.

Í hinni nýbirtu skýrslu segir að óbeinar reykingar auki hættuna á hjartasjúkdómum hjá fullorðnum um 25-30 af hundraði og álíka mikið varðandi krabbamein. Þá er bent á mikla hættu af óbeinum reykingum á börn í móðurkviði á meðgöngutíma, að ekki sé talað um áhrifin á ungbörn, en þau eru talin mun meiri en áður hafði verið haldið fram.

Aðskilnaður reykingamanna og þeirra sem ekki reykja á veitingastöðum og víða annars staðar þar sem margir koma saman, er ekki talinn skila neinum árangri til að verja þá sem ekki reykja, og því sé eina ráðið algjört bann við reykingum á veitingastöðum og víðar.

Í mörgum löndum Vestur-Evrópu hefur verið sett bann við reykingum á veitingastöðum til heilla fyrir alla. Ekki hefur mikið farið fyrir mótæmum reykingamanna þótt þeir geti nú ekki í mörgum löndum kveikt sér í sígarettu yfir björglasi við barborð.

Við Íslendingar erum orðnir á eftir mörgum þjóðum í þessum efnum, því reykingabann í stofnunum og fyrirtækjum gengur ekki í gildi hér fyrr en 1. júní á næsta ári. Lengi vel vorum við í fararbroddi varðandi lög um reykingavarnir því þegar árið 1984 voru sett hér lög um þessi efni, þótt þar hafi ekki verið gert ráð fyrir reykingabanni eins og nú. Fram til þess tíma að bannið gengur í gildi, ættu reykingamenn að sjá að sér og hlífa öðrum við óbeinum reykingum. Þetta á ekki síst við í kringum börn og ungmenni, sem eru sérstaklega viðkvæm varðandi reykingar.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Listin að þegja

Starfsmenn vegagerðarinnar á Hólmarvík, Ísafirði og Patreksfirði flögguðu í hálfá stöng þegar tilkynnt var um frestun vegafraamkvæmda á Vestjörðum. Kallað var eftir viðbrögðum Sturlu Böðvarssonar, samgönguráðherra, í fréttum Útvarps í hádegjunni. „[Þ]að fer ekkert á milli mála að ég er mjög hneykslaður á þessari framgöngu,” sagði ráðherrann.

Ögmundur Jónasson, þingmaður VG, brást fljótt við og rifjaði upp fánamál landvarða á heimasiðu sinni í gær. „Ég var í hópi þeirra sem tók ofan fyrir þeim og fagnaði framtaki þeirra. Þeim var hins vegar hóttað öllu illu af yfirvöldum, sem sýndu smæð sína og virðingarleysi gagnvart skoðunum og tilfinningum annarra.



Stundum eiga ráðherrar að þegja. Það hefði Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra betur gert í dag,” segir hann.

#### Ríkisstyrktar reiðhallir

Sturla sagði samt að fólkið hefði málfrelsi og gæti gagnrýnt stjórnvöld. Ögmundur Jónasson hlýtur að vera sammála því að óeðlilegt sé að töl og tæki ríkisstofnunar séu notuð til að mótmæla ákvörðun stjórnvalda. Hlutverk stjórnmalamanna er að huga að hagsmunum allra landsmanna en ekki sérhagsmuna. Og verkefnið nú er að ná niður verðbólgunni. Þess vegna var það líka undarlegt að heyra Sturlu segja að engar niðurskurðartillögur í vegafraamkvæmdum væru ákveðnar. Það yrði gert í samráði við sveitarstjórnir. Slík ummæli eru til þess fallin að rýra tiltrú fólks á aðgerðum ríkisstjórnarinnar í verðbólguáttunni. Og á meðan syngur Guðni Ágústsson með hestamönnum í

Skagafirði og lofar í ræðu ríkisstyrktum reiðhöllum í öll héruð!

#### Daðrað við pólitík

„Hljómsveit allra landsmanna þakkar bandaríska hernum fyrir að koma en einkum fyrir að fara,” segir í auglýsingu Stuðmanna fyrir helgina. Pólitískar yfirlýsingar hafa ekki verið stíll Stuðmanna þó greina megi vissa ádeilu í nokkrum lögum. Pólitísku hjörtun slá líka í brjóstum sumra hljómsveitar-meðlima. Jakob Frimann hefur tekið þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar. Egill Ólafsson hefur á stundum daðrað við Sjálfstæðisflokkinn. Valgeir Guðjónsson er skarpur þjóðfélagsmáttur. Kannski að gleðisveitin verði pólitískari með aldrinum?



hjargvin@frettabladid.is

## Sumar á Íslandi

Reykjavík í júlí er eins og París í ágúst: Not the place to be. Í París er allt lokað í ágúst; Frakkar fara saman í sumarfrí. Reykjavík ætti að loka líka. Það er undarlega andlaus stemning í bænum yfir hásumarið. Sé maður staddur í Síðumúla yfir hábjargræðistímann finnst manni ósjálfrátt að eitthvað hljóti að hafa farið úrskaiðis í líffi manns. Maður á að vera úti á landi á sumrin. Þar er lífið. Þar er stemningin. Þar er sumarið.

Þannig að maður flýr borgina, suddann og suðið, og keyrir yfir eins og tvær heiðar, þessar hraðahindranir suðvestanáttarinnar, hvar lægðirnar leysast upp, og ekur niður í sólna og sumrið, norðlenskan dal og fjörð. Eftir kaldasta vor lífsins hrópaði sálin á sól og hita og fékk hann loksins loksins í vikunni sem leið. Lokaskafinn í Hrísey bráðnaði daginn eftir Jónsmessu. Og í kjölfarið kom þriggja daga sunnanþeyr. Strekkingsvindur á nóttinni sem mætir hafátt að degi svo úr verður jafntefli 0-0: Stafalogn.

Sunnanátt á Norðurlandi er merkilegt fyrirbæri. Maður er ekki vanur heitu roki á Íslandi. Ekki fyrr en maður hefur staðið á miðjum Eyjafirði í 15 gráðu heitum sunnanvindi með öldum og tilheyrandi uppgötvar maður hvað kveikti frægustu ljóðlínu landsins. „Nú andar suðrið sæla vindum þjóðum.“ Ekki fyrr en nýlega skildi ég um hvað Jónas var í raun að yrkja. Hann var Norðlendingur. Sunnan heiða boðar sunnanáttin fátt annað en svalan sudda.

Hér sem annarstaðar má þó sjá afleiðingar vorkuldanna. Fuglar eru áberandi færri í ár. Húsið okkar stendur við ströndina, í þjóðbraut kríunnar sem í öllum meðalárum heldur uppi loftbrú allan sólarhringinn milli hreiðurs og ætis. Sæti maður úti á stétt mátti mæla traffíkina í kríum á sekúndu; ungamæður í yfirvinnu, 24/7, með goggfylli af sílum handa sínum. En nú er kríulaust í lofti.

### Í DAG SUMARFRÍ

HALLGRÍMUR  
HELGASON



Íslenska sumarið telur nefnilega aðeins fjórar helgar og nú er sú fyrsta búin. Júní er bara upphitun og í ágúst er farið að dimma. Því er um að gera að nota þær vel. Og fara ekki á taugum. Bara að veðrið klikki ekki. Bara að veðurguðirnir séu ekki í enska landsliðinu.

Sumir halda því fram að kuldinn hafi eyðilaggt varpið en aðrir kasta sök á hið landlæga silaleysi. Enn aðrir halda því hins vegar fram að kríurnar hafi allar verið ráðnar í vinnu hjá Ríkislögreglustjóra. Kunnugir segjast hafa séð gerði yfir húsi Bónusgreifans inni á Akureyri.

Maður syrgir kríuna mátulega. Hún er enginn fagurgali, næstum jafn hvítleið og hafgolan - landsins forni fjandi numer tvö. En í liðinni viku náði hnúkaþeyrinn að halda honum utan við fimmtíu mílurnar nokkra daga í röð. Afleiðingin var æði. Fátt er betra í þessum heimi en nítján íslenskar gráður í hádegjunni og logn á firði, síðasta lag fyrir fréttir út um opna hurð, ferjan kumrandi í fjarska og suðandi norðlenskar flugur í skugganum af fréttunum að sunnan.

Maður tekur þær í gegnum lítið ferðatæki sem skilar aðeins annarri hverri línu og fær því að skálda í eyðurnar: Þrítugustu og eitthvað ákæru í Baugsmáli vísað frá dómi og settur saksóknari segir... af sér? ...að hann áfrýi?

FÍDLULEIKARINN TAMÁS GOMBAI FRÁ UNGVERJALANDI Ungversk þjóðlagatónlist er undir ásíkum áhrifum.

Ogrodnik, námskeið í sagnadönsum og kúbverskri tónlist.

„Við Íslendingar leggjum auðvitað líka okkar af mörkun en við opnun hátíðarinnar mun blandaður kór frumflytja Alþingishátíðarkantötu eftir Bjarna Þorsteinsson, en Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran, Hlökkver Sigurðsson tenór og Valdimar Hilmarsson barítón munu enn fremur koma fram.“

Nánari upplýsingar um hátíðina er að finna á [www.siglo.is](http://www.siglo.is).

- brb



VERK EFTIR ÞORBJÖRGU ÓSKARSDÓTTUR

## Fantasíur

Listakonurnar Sigríður Sigurjónsdóttir og Þorbjörg Óskarsdóttir halda sameiginlega sýningu í sýningarrýminu við Vitatorg í Sandgerði.

Á sýningunni eru landslagsmyndir og fantasíur. Sýningin stendur til 15. júlí

- khh

**SJÁLFASTÆÐU  
LEIKHÚSIN**

**Tjarnarbíó**  
Sími 561 0250

---

**Mán. 3/7 Kl. 20:30**  
*Otomoto*  
– Danmörk  
*History of My Stupidity*  
– Króatía  
**Miðaverð 2.500**

---

**Sun. 16/7 Kl. 20:30**  
*This Side Up*  
– Singapur  
**Miðaverð 2.000**

**www.leikhopar.is**

## Góðir gestir og gömbuleikur

Gömbusérfræðingurinn Alison Crum kemur fram á Sumartónleikum í Skálholti á miðvikudagskvöldið og stýrir Breska gömbufélaginu (Viola da Gamba Society of Great Britain) en hún er jafnframt forseti félagsins. Alison Crum er einn þekktasti gömbusérfræðingur Breta og ferðast vítt og breitt um heiminn og heldur fyrirlestra, námskeið og tónleika, sem kennari, flytjandi og leiðandi afl í nokkrum þekktum tónlistarhópum. Á tónleikunum verður flutt endurreisnartónlist, meðal annars eftir tónskáldin John Taverner,

Thomas Tallis og William Byrd. Eftir tónleikana verður boðið upp á kvöldvöku í Oddsstofu þar sem Kári Bjarnason handritafræðingur heldur erindi um Skálholt á barokktímanum. Á þessu ári eru liðin 400 ár frá fæðingu Brynjólfs biskups og er kvölddagskráin liður í hátíðarhöldum af því tilefni.

Tónleikar Gömbufélagisins fara fram í Skálholtskirkju og hefjast kl. 20 en Kári flytur erindi sitt í Oddsstofu í Skálholtsbúðum kl. 21.15.

Ókeypiss er á viðburðina.

- khh



SUMARTÓNLEIKAR Í SKÁLHOLTI  
Fræðsla og falleg tónlist í allt sumar.

# Útsalan er hafin



Eddufelli 2, s. 557 1730  
Bæjarlind 6, s. 554 7030



## Er ekkert að grínast með gríninu

Netverjar og lesendur Sirkuss hafa tekið eftir nokkuð svæsum teiknimyndasögum undir nafninu Arthúr en færri vita að einn hugmyndasmiði teiknimyndasögunnar er menntskælingurinn Jónas Reynir Gunnarsson. Jónas er níttján ára og á eitt ár eftir á félagsfræðibraut í Menntaskólanum á Egilsstöðum. „Ég myndi segja að idol-ið mitt væri Tvíhöfði og Fóstbræður,“ segir Jónas en hann hefur áhuga á uppistandi og stefnir á að vinna í grínheiminum. „Ég og Finnur Torfi Gunnarsson byrjuðum með þetta í ágúst í fyrra, en ég hef verið að gera ýmislegt fyrir það, almennt grín.“ Þrátt fyrir föðurnafnið eru þeir Finnur ekki



skyldir en þó má segja að þeir séu einhvers konar fóstbræður því þeir koma báðir úr bænum Fjallabæ.

Arthúr birtist í hverri viku í blaðinu Sirkus og þrisvar í viku á Fjandinn.com sem er heimasíða Jónasar og annars vinar hans. Auk þess hafa tenglar á teiknimyndasögurnar reglulega birst á b2.is, gamla Batman.is vefnum. En er mamma ekkert að kvarta yfir

klúru sögunum? „Hún er bara ánægð með þetta,“ segir Jónas en hann hefur einnig verið stórtækur í menningarlífinu á Egilsstöðum enda hefur hann staðið fyrir uppistandskvöldi ásamt félögum sínum.

„Ég er að negla niður dagsætningu á næsta uppistandi. Mig langar að vinna við grín í framtíðinni, uppistand, teiknimyndasögur eða eitthvað annað, þó maður fari nú sennilega og læri eitthvað í háskólanum með,“ segir grínistinn ungi. Hann hefur einnig verið að búa til grín „sketsa“ með vinum sínum og aldrei að vita nema þar séu komnir Strákar eða Fóstbræður fram tíðarinnar.



JÓNAS REYNIR GUNNARSSON Teiknimyndasögur Jónasar og Finns hafa vakið mikla athygli enda bráðfyndnar og oft nokkuð klúrar.



ELTON JOHN OG DAVID FURNISH Héldu stjörnuþátt um helgina og þurftu gestir að koma í hvítum kjólum og smóking.

## Bauð á ball

Söngvarinn síungi Elton John hélt sitt árlega hvítflibapartí á dögum. Þar eiga dömrurnar að mæta í hvítum fötum með kórónu og karlmennirnir í smókingfötum. Partíið er mjög vinsælt meðal fræga fólksins og var Kylie Minogue til dæmis mætt í fyrsta skiptið opinberlega eftir að hún greindist með brjóstakrabbamein. Einnig voru þar mætt ofurfyrirsætan Kate Moss, söngvarinn Robbie Williams og bresku prinsessurnar Beatrice og Eugenie. Einnig var þar mætt góðvinkona Eltons, Elizabeth Hurley, ásamt unnusta sínum Arun Nayer viðskiptajöfri.



J-LO Berst við fyrrum eiginmann í réttarsal.

## J-Lo fyrir rétti

Fyrrum eiginmaður söng- og leikkonunnar Jennifer Lopez segir ekkert hæft í yfirlýsingu hennar að hann hafi kúgað út úr henni fé. Lopez heldur því fram að Ojani Noa hafi krafið hana um tæpar 400 milljónir króna gegn því að hann ræddi ekki mishæppnað hjónaband þeirra. Söngkonan höfðaði mál gegn Noa eftir hann sagðist myndu segja sögu þeirra. Málið er nú í meðferð hjá dómstólum og hvorugt neitar að gefa sig.



GEORGE CLOONEY Sagður með tvær í takinu.

## Flókin ástamál

Ástamál leikarans George Clooney hafa verið til umfjöllunar fjölmiðla undanfarið enda hefur hann verið orðaður við tvær konur á sama tíma. Önnur þeirra er fyrrum kærasta Elvis Presley, ónefnd kona sem kóngurinn á að hafa verið í tygjum við árið 1977 þegar hann lést. Í síðustu viku sást aftur á móti til Clooney á Ítalíu með Kristu Allen sem hann hefur verið með á föstu annað veifið síðustu ár.

## Alveg laus við frægðina

Skoska hljómsveitin Belle and Sebastian heldur tvö tónleika hér á landi í lok júlí og er þegar uppselt á þá báða. Freyr Bjarnason ræddi við Stevie Jackson, söngvara og gítarleikara sveitarinnar, en hann hlakkar mikið til sinnar fyrstu ferðar til Íslands.

Hljómsveitin Belle and Sebastian, sem er skipuð sjö meðlimum, kom fram á sjónarsviðið í janúar 1996. Sveitin var stofnuð í Glasgow af söngvaranum Stuart Murdoch og bassaleikaranum Stuart David og er nafnið tekið úr frönskum barnaþáttum úr sjónvarpinu sem fjölluðu um strák og hundinn hans.

### Virt í Bretlandi

Í nóvember árið 1996 kom út hin margrómaða plata If You're Feeling Sinister. Henni var tekið gríðarlega vel tekið og síðan hefur sveitin verið ein sú virtasta á Bretlandseyjum. Áður hafði reyndar platan Tiger Milk komið út, en aðeins á vínýl og í 1.000 eintökum. Tveimur árum síðar sendi sveitin svo frá sér plötuna The Boy With The Arab Strap sem náði miklum vinsældum. Vann sveitin Britverðlaunin sem sú efnilegasta í Bretlandi.

### Spilað á bókasöfnum

Fyrstu tvö árin af ferlinum var Belle and Sebastian einskonar leyniband. Gjarnan birtust með tilkynningum um sveitina myndir af stúlku sem var ekki í bandinu og sveitin spilaði á skrýtnum og óútreiknanlegum stöðum eins og í kirkjum, bókasöfnum og í heima-húsum. Sveitin hefur haldið sérstöðu sinni alla tíð en jafnframt verið hlustendavæn.

Nýjasta plata sveitarinnar, The Life Pursuit, kom út í vor við mjög góðar undirtektir og hafa tvö lög af henni náð talsverðri hylly á Íslandi; White Collar Boy og Funny Little Frog. Nýjasta smáskífuleg plötunnar, White Collar Boy, kom út 26. júní.

### Feiminn við Emilíönu

Fyrri tónleikar Belle and Sebastian verða á skemmtistaðnum Nasa þann 27. júlí og hinir síðari á Borgarfirði eystra 29. júlí. Tónlistarkonan Emilíana Torrini, sem er á mála hjá breska útgáfufyrirtækinu Rough Trade rétt eins og Belle and Sebastian, mun hita upp fyrir sveitina í bæði skiptin. „Ég hef hef aldrei hitt hana en ég sá hana spila í Glasgow einu sinni og það var frábært. Síðan sá ég hana út á götu eftir tónleikana en var of feiminn til að tala við hana,“ segir Stevie Jackson með ekta skoskum hreim.

Hann hlakkar mikið til tónleikanna á Íslandi sem verða þeir fyrstu sem Belle and Sebastian heldur hér á landi. „Ég hlakka mikið til að koma til Íslands því ég hef aldrei komið þangað áður. Þetta er áhugaverður og framandi staður og ég bíð spenntur eftir þessu ferðalagi,“ segir hann. „Ég



BELLE AND SEBASTIAN Skoska hljómsveitin Belle and Sebastian er á tónleikaferð til að fylgja eftir sinni nýjstu plötu, The Life Pursuit.

var búinn að biðja um að spila á Íslandi í svoltinn tíma og loksins varð af því.“

### Vildu gera popplötu

Nýja platan, The Life Pursuit, náði áttunda sæti á breska breiðskífuleistanum og er þar af leiðandi vinsælasta plata Belle and Sebastian til þessa.

Spurður segist Stevie hafa í fullri hreinskilni átt von á þessum vinsældum. „Ég bjóst við því að henni gengi vel og mér fannst hún líka alveg eiga það skilið að seljast vel. Hún hefur samt ekki selst mikið miðað við margt annað. Ég hefði alveg viljað að hún myndi seljast í bílförum en henni hefur gengið ansi vel,“ segir Stevie.

Hann játar að sveitin hafi að vissu leyti ákveðið fyrir fram að reyna að gera vinsæla plötu. „Maður hugsar ekki þannig þegar maður er að gera plötuna. Þá ætlar maður bara að gera góða plötu með góðum lögum. Þegar upptökustjórinn Tony Hoffer [sem hefur m.a. unnið með Beck, Air og Smashing Pumpkins] kom til okkar og spurði hvort við vildum

gera listræna plötu eða popplötu leist okkur strax vel á popplötuna. Á þann hátt var þetta dálítið fyrirfram ákveðið,“ segir hann. „Við vorum samt ekki að hugsa um að græða peninga eða neitt slíkt við gerð hennar. Okkur langaði bara að gera góða plötu og ég held að okkur hafi tekist það.“

### Fjölhæfir hljóðfæraleikarar

Stevie segir að tónleikar Belle and Sebastian hafi alltaf verið frekar svipaðir í gegnum árin. „Við reynum að leggja okkur öll fram fyrir áhorfendur. Við eigum frekar auðvelt með að flytja lögin okkar af plötunum á tónleikum því við erum með fjölhæfa hljóðfæraleikara. Við spilum því fjölbreytta tónlist, bæði rólega og meira að segja rokk, en við gerum líka nokkuð af því að spila lög eftir aðra.“

Hann vill ekki meina að það sé erfitt að vera meðlimur í sjö manna hljómsveit, í það minnsta ekki lengur. „Það var það einu sinni en núna erum við miklu betri í því. Þetta er eiginlega áunnið hjá okkur. Við höfum unnið mikið

saman í tíu ár og við náum vel saman núna.“

### Við erum ekki fræg

Þrátt fyrir að hafa verið vinsæl í Bretlandi í tíu ár segist Stevie ekki vera við mikið áreiti dags daglega og vill ekki meina að meðlimir sveitarinnar sé þekktir. „Nafnið Belle and Sebastian er kannski þekkt nafn en sem einstaklingar erum við það ekki, nema kannski Stuart. Ég er aldrei áreittur af fólki og er ekki undir neinum slíkum þrýstingu í mínu lífi. Ef maður heldur tónleika og fer síðan á næsta pöbb verður maður auðvitað var við smá áreiti en hvað varðar líf okkar dags daglega þá erum við ekkert fræg.“

Næst á dagskrá hjá Belle and Sebastian eftir tónleikana á Íslandi er að halda áfram spilamennsku út árið. Því næst munu Stevie og félagar taka sér langþróaða pásu. Eftir það hefst væntanlega undirbúningur nýrrar plötu sem verður, að sögn Stevie, töluvert öðruvísi en hin vinsæla The Life Pursuit.



NÝ VERSLUN  
NÝJAR VÖRUR  
ENN MEIRA ÚRVAL  
ERT ÞÚ BÚIN AÐ LÍTA VIÐ?



**NEXT**

KRINGLUNNI

551 3200

**Nýtt í bíó**  
VINSÆLASTA MYNDIN Í USA Í DAG!

**CLICK**  
ADAM SANDLER

Ef þú ættir fjarstýringu sem gæti stýrt lífi þínu? Hverju myndir þú breyta? Myndir þú breyta heiminum með henni...eða gera eitthvað annað.  
ADAM SANDLER, KATE BECKINSALE OG CHRISTOPHER WALKEN  
Í FYNDNASTU GAMANMYND ÁRSINS

**Just My Luck**  
Hún var heppnasta stelpa í barnum þangað til drauma-prinsinn eyðilagði allt!  
Frábær unglinga gamanmynd með Lindsey Lohan í fantaformi!  
FM957

**R.V.**  
Komdu í fyndnasta ferðalag sumarsins.  
Fór beint á toppinn í USA  
1 FJÓLSKYLDA. 8 HJÓL. ENGAR BREMSUR

**DA VINCI CODE**  
48.000 MANN  
Landsbankinn  
Á GÍDEGI 6. MÁNADAR ÁRIÐ 2006 MUN DAGUR HANSKOMLA, ÞORIR ÞÚ Í BÍÓ

**THE OMEN**  
S.V.MBL

**51.000 MANN**

**SMÁRA BÍÓ** SÍMI 564 0000

|                         |                                     |
|-------------------------|-------------------------------------|
| CLICK                   | kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA |
| CLICK SÝND Í LÚXUS      | kl. 3, 5.30, 8 og 10.30             |
| JUST MY LUCK            | kl. 5.40, 8 og 10.20                |
| R.V.                    | kl. 3.40, 5.50, og 8                |
| X-MEN 3                 | kl. 10.10 B.L. 12 ÁRA               |
| DA VINCI CODE           | kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA              |
| RAUÐHETTA M / ISL. TALÍ | kl. 4                               |
| ÍSÓLD M / ISL. TALÍ     | kl. 3.40                            |

**REGNBÖGINN** SÍMI 551 9000

|               |                                  |
|---------------|----------------------------------|
| CLICK         | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA |
| JUST MY LUCK  | kl. 5.40, 8 og 10.20             |
| R.V.          | kl. 5.50                         |
| THE OMEN      | kl. 10.30 B.L. 16 ÁRA            |
| TAKE THE LEAD | kl. 8                            |
| DA VINCI CODE | kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA           |

**Dongarbíó** SÍMI 462 3500

|                          |                |
|--------------------------|----------------|
| CLICK                    | kl. 8 og 10.10 |
| FAST AND THE FURIOUS: TD | kl. 8 og 10.10 |
| JUST MY LUCK             | kl. 6          |
| R.V.                     | kl. 6          |

**400 kr. í bíó!**  
Gættu á allar spýkingar í Regnbögnum merkjar með raubla

Dolby Digital SDDS Digital Surround THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075 **LAUGARAS BÍÓ** - bara lúxus

**KRAFTMESTA HASARMYND ÁRSINS**

**FAST AND THE FURIOUS: TOKYO DRIFT**

ÞINA LEIÐIN TIL AD VINNA ER AD MISSA STJÓRNINA

Sýnd kl. 6, 8 og 10:15 B.L. 12

hvað ef þú ættir fjarstýringu...  
...sem gæti stýrt lífi þínu?

ADAM SANDLER  
**CLICK**

Sýnd kl. 6, 8 og 10:15

**STAY ALIVE**  
Sýnd kl. 8 og 10 B.L. 14

**15 BLOCKS**  
Sýnd kl. 6 B.L. 14

www.laugarasbio.is

## Flýr Heather Locklear

Leikkonan Denise Richards ætlar að selja húsið sitt til þess að losna frá Heather Locklear. Denise er á föstu með gítarleikaranum Richie Sambora sem var kvæntur Locklear. Á þeim tíma voru þær einmitt góðar vinkonur en vináttan fór í hundana þegar ástarmálin tóku þessa óvæntu stefnu. Hús Denise Richards er í næsta nágrenni við heimili Locklear og það þykir ekki við hæfi.



**DENISE RICHARDS**  
Selur hús sitt til að þurfa ekki að búa nálægt Heather Locklear.

es þar sem hún hyggst búa ásamt dætrum sínum tveimur. Leikkonan gerir lítið úr sambandi sínu við Sambora, segir að hún og Locklear hafi ekki verið það góðar vinkonur að þetta skipti máli.

Denise stendur annars í skilnaði við leikarann Charlie Sheen. Hún hefur þegar keypt sér nýtt hús í Los Angel-



**ANÆGD MEÐ EPAL** Guðjón Bjarnason arkitekt og listamaður, Anna Gulla fatahönnuður og Guðmundur Jónsson arkitekt.



**SLEGID Á LÉTTA STRENGI** Sóley Kristjánsdóttir, Ásgrímur Már og Harpa Einarsdóttir.

## Afmæli í Epal

Eyjólfur Pálsson hélt upp á 60 ára afmælið í Epal á dögunum. Hönnunarelíta landsins mætti í boðið ásamt öðrum fagurkerum og samgladdist með Eyjólfu.



**GESTJAFINN** Eyjólfur Pálsson og kona hans, Margrét Ásgeirsdóttir, ásamt Pálma Matthíassyni.



**ARKITEKTARNIR** Arkitektarnir Valdis Bjarnadóttir og Þórarinn Þórarinnsson. Þau hafa bæði verið formenn Arkitektafélagsins.

**HVAÐ EF ÞÚ ÆTTIR FJARSTÝRINGU...  
...SEM GÆTI STÝRT LÍFI ÞÍNU?**

ADAM SANDLER  
**CLICK**

FRÁ FRAMLEIÐENDUM "ANGER MANAGEMENT"  
FRUMSÝND 28. JÚNÍ

Sendu SMS skeytið **JA CKF** á númerið **1900** og þú gætir unnið!

**SONY ERICSSON W810i**  
DVD MYNDIR  
BÍÓMIÐA Á MYNDINA FYRIR TVO

**VARNING TENGÐAN MYNDINI**  
TÖLVULEIKI  
... og margt fleira!

**9** hver vinnur!

**99 kr. skeytið**

**99 kr. skeytið**  
Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

D3 MOBILE BÍÓ.IS – allt á einum sta

## Sænskir eggjastólar í garðinum

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Tónlist verður varla miklu smekklegrri eða fagaðri en sú sem Zero 7 er að fást við þessa dagana. Fagmennskan er í fyrirrúmi á þessari þriðju plötu sem fyrr. Get ekki ímyndað mér að þessi plata geti orðið neitt straumlinulagaðri eða hreinni. Af einhverjum undarlegum óútskýranlegum ástæðum fer ég að hugsa um sænskan arkitektúr þegar ég renni þessari plötu í gegn.

Þessi tónlist ætti vel heima í byggingu Bláa lónsins, í kokteilboði Bang og Olufsen þar sem gestum væri ekki boðið að sitja í öðru en Eggjastólum Arne Jacobsen.

Það er því kannski ekki svo út úr kú að sænski Íslandsvinurinn José González skuli syngja öll bestu lög plötunnar. Silkimjúkt gítarspil, hans sérstæða einsleita takmarkaða rödd gefa dauðhreinsuðum heildarhljómunum afar lífrænt yfirbragð. Það er eiginlega ekki hægt

að líkja samruna hans við tæknopopp Zero 7 við neitt annað en þegar þjóðlagatónlist rann saman við diskótónlist í Hárinu. Þá sérstaklega í lögnum Future og Crosses. Persónulega þoli ég illa þann söngleik, þannig að það kemur mér töluvert á óvart að ég skuli heillast af þessu. Kannski vegna þess að þetta er á niðursveiflunni, en ekki órvæntingarfull tilraun til þess að fanga þá einstöku orku sem losnar úr læðingi einu sinni á ári á Gay Pride.

Samstarf Zero 7 og Siu Furler heldur áfram og hún syngur fimm lög. Ég hreinlega skil ekki hvers vegna hún er ekki bara gerð að fullum liðsmanni sveitarinnar. Rödd hennar er eiginlega það eina sem gefur óupplýstum eyrum einhverja viðbendingu um að hér sé sama hljómsveit á ferð og var á bakvið slagarana Destiny og Distractions af fyrstu breiðskífunni. Zero 7 eru nefnilega komnir töluvert nær poppinu, og fjær áhrifavöldum sínum í Portishead.

Það er ekki mikið um illgresi í



**ZERO 7:**

**THE GARDEN**

**NIÐURSTADA** Þriðja breiðskífa Zero 7 er þeirra besta til þessa. Ekki skemmir að sænski trúbardúrin José González kemur töluvert við sögu.

garði Zero 7 þessa dagana. Greinilegt að bresku hljóðversflugurnar Henry Binns og Sam Hardaker standa annað slag við upp frá mixerborðinu til þess að rækta garð sinn. Þar af leiðandi er The Garden besta plata þeirra til þessa, og kærkominn fylgifygur breiðskífu númer tvö sem olli mér sárum vonbrigðum á sínum tíma.

|   |  |  |                        |
|---|--|--|------------------------|
|  <p><b>THE FAST AND THE FURIOUS 3</b> KL. 3-5:30-8-10:20 B.I. 12<br/> <b>THE FAST AND THE FURIOUS 3 VIP</b> KL. 4:15-8-10:20<br/> <b>BÍLAR ísl. tal</b> KL. 3-5:30-8<br/> <b>CARS enskt tal</b> KL. 3-5:30-8-10:30<br/> <b>THE LAKE HOUSE</b> KL. 3:30-5:45-8-10:20<br/> <b>SLITHER</b> KL. 10:30 B.I. 16<br/> <b>SHE'S THE MAN</b> KL. 3-5:45-8<br/> <b>POSEIDON</b> KL. 10:30 B.I. 14</p> |  <p><b>THE INCREIBLES</b> KL. 3:30-6-8-15-10:30 B.I. 12<br/> <b>THE BREAK-UP FORSYNING</b> KL. 8:15 B.I. 12<br/> <b>BÍLAR ísl. tal</b> KL. 3:30-5:30<br/> <b>*CARS enskt tal</b> KL. 3:30-6-8-30-10:30<br/> <b>*MISSION IMPOSSIBLE 3</b> KL. 10:30 B.I. 14</p> |  <p><b>THE LAKE HOUSE</b> KL. 6-8:15-10:30<br/> <b>CARS enskt tal</b> KL. 6-8:30-11<br/> <b>BÍLAR ísl. tal</b> KL. 6-8:30<br/> <b>KEEPING MUM</b> KL. 6-8:20-10:30 B.I. 12<br/> <b>POSEIDON</b> KL. 6:10-8:20 B.I. 14<br/> <b>SLITHER</b> KL. 11 B.I. 16<br/> <b>MI:3</b> KL. 10:30 B.I. 14</p> |                        |
| <p><b>ÁLFABAKKA</b></p>   | <p><b>KRINGLUNNI</b></p>   | <p><b>KEFLAVÍK</b></p>   | <p><b>AKUREYRI</b></p> |
| <p>SAMBÍÓIN SIMI: 575-8900</p>  | <p>www.sambioin.is</p>   | <p>HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919</p>  |                        |



**TORI SPELLING** Tori, sem varð þekkt fyrir leik sinn í Beverly Hills 90210, missti föður sinn nýlega og stendur nú í illdeilum við móður sína.

## Tori Spelling reið móður sinni

Spelling-fjölskyldan, sem syrgir nú hinn þekkt sjónvarpsþáttuframleiðanda Aron Spelling, gaf frá sér harðorða yfirlýsingu á fimmtudag og fordæmdi orð sem Tori Spelling lét falla eftir dauða föður hennar í síðustu viku. Aron og Tori sættust rétt áður en hann dó en feðginin höfðu ekki talast við í níu mánuði. Svo virðist þó sem illdeilur logi enn innan fjölskyldunnar og greinilegt að hamingjan verður ekki keypt með peningum. „Við erum afar hrygg yfir því að á þessum tíma sorgar og missis verðum við að bregðast við fjölmiðlafári sem Tori kom af stað

með illkvittnislegum og undarlegum athugasemdum í fjölmiðlum aðeins tveimur dögum eftir lát Arons,“ segir í yfirlýsinguinni. Vandamál Spelling-fjölskyldunnar liggur ekki síst í sambandi Tori og móður hennar. Tori sagði í People-tímaritinu að hún hefði heyrt af andlátinu í gegnum tölvupóst frá vini sínum sem heyrði það í fréttunum. „Ég var mjög leið yfir því að ég frétti þetta ekki frá mómmu,“ sagði Tori. Móðir hennar, Candy Spelling, komst í uppnám þegar Tori varpaði slæmri mynd á hana í þætti sínum So noTORious og þau sár virðast ekki ætla að gróa.



## Með hníf og gaffli

> Práinn Bertelsson

## Japönsk kengúra í 101-R

Fusion, samruni er það kallað í eldamennsku þegar matreiðslu- hefðir mismunandi svæða eru leystar úr þjóðlegum fjötrum, og hráefnisnotkun og framreiðsla fær nýstárlegan og fjölbjóðlegan blá.

Dæmi: Áströlsk kengúra meðhöndluð á japanska vísu af íslenskum kokki í Reykjavík.

Staðurinn er Sjárvarkjallarinn við Aðalstræti.

Lífsreyndir ferðalangar kunna flestir það grundvallaratriði ferðamennskunnar að forðast eins og heitan eldinn að borða á matsölustöðum sem greinilega eru að gera út á ferðamenn. Það þarf ekki djúpsálarfræði til að skilja að kokkur sem þarf að laða að sér matargesti sem koma aftur og aftur hefur ríkari ástæðu til að leggja sig fram en sá sem eldar handa gestum sem eru farnir á morgun og koma aldrei aftur, hversu góður sem maturinn kann að vera. Þetta er ástæðan fyrir því að menn þurfa að hafa skyggigáfu til að geta fundið ætan bita í ferðamannaíðunni í Feneýjum.

Til allrar hamingju fyrir veitingahúsgesti er ferðamennskan á Íslandi árstíðabundin svo að kokkarinn okkar vita að þeir þurfa fastagesti til að lifa af harðan vetur.

Kokkarnir í Sjárvarkjallaranum hafa sett saman metnaðarfullan matseðil í hádeginu sem kostar 3.400 kr. á mann. Þar svifa í upphafi japönsk áhrif yfir vötnunum; ál-, lax- og túnfisk-sashimi ásamt með kengúru sem hefur legið í Malibu-baði.



Því næst kom lax með skelfiskmajónesi, tempura-steiktir sveppir, rækju-risotto og glæsilegt hnakkastykki af saltfiski (þorski) með möndlum, dödlum og soja. Allt var þetta prýðilegt og fallega fram borið. En hið glæsilega saltfiskstykki stóð ekki undir væntingum. Brimsaltur saltfiskur er óætur.

Að loknum aðalréttinum tók við óralöng bið eftir ábætinum. Mín vegna gerði biðin ekkert til, en ef ég væri seðlabankastjóri og þyrfti að fella gengið stundvíslega klukkan eitt hefði fokið í mig.

Þjónustufólkið hafði áhyggjur af því hversu langan tíma það tók að græja ísinn og kom með kaffið í einhverju fátí til að hjálpa okkur að drepa tímann. Einhvern veginn fékk ég á tilfinninguna að ég hefði kannski ekki hitt á besta daginn í sögu Sjárvarkjallarans.

Algengasti mælikvarðinn til að meta veitingahús er að spyrja sjálfan sig hvort maður hefði áhuga á að borða aftur á staðnum.

Og að þessu sinni er svarið: Já, ekki spurning!



**SJÁVARKJALLARINN, AÐALSTRÆTI 2, 101 REYKJAVÍK**  
 Hádegisverður fyrir tvö kostar 8.600 kr. Plúsnarnir eru fjörleg og hugmyndaðik eldamennska. Míunarnir eru ekki margir. En miðað við hversu gestirnir voru fáir var seinagangur í eldhúsinu sem leiddi til þess að þjónustuliðið fór á taugum og bar fram kaffið á undan eftirréttinum.

### WOLF Garten Handsláttuvélar



Bumbubanninn viðfrægi

**PÓR HF**  
 REYKJAVÍK - AKUREYRI  
 Ármúla 11 - sími 568-1500  
 Lónsbakka - sími 461-1070

### HOZELOCK fyrir garðinn



Garðslöngur  
 Slöngutengi  
 Veltiúðarar  
 Úðabrusar

**PÓR HF**  
 REYKJAVÍK - AKUREYRI  
 Ármúla 11 - sími 568-1500  
 Lónsbakka - sími 461-1070

### Homelite Vélorf



Vélorf með rafmagns- eða bensínsmótur

Tilvalin fyrir heimilið og sumarbústaðinn

**PÓR HF**  
 REYKJAVÍK - AKUREYRI  
 Ármúla 11 - sími 568-1500  
 Lónsbakka - sími 461-1070

### Homelite Greinakurlarar



2200 W öflugur mótur. Max 40 mm greinar

**PÓR HF**  
 REYKJAVÍK - AKUREYRI  
 Ármúla 11 - sími 568-1500  
 Lónsbakka - sími 461-1070

### Homelite Laufsugur



Fáanlegar með bensínsmótur eða rafmótur.

**PÓR HF**  
 REYKJAVÍK - AKUREYRI  
 Ármúla 11 - sími 568-1500  
 Lónsbakka - sími 461-1070



### Hjálmar ekki til AIK

Knattspyrnumaðurinn Hjálmar Þórarinn mun ekki ganga til liðs við sænska félagið AIK þar sem hann var til reynslu í vikunni. Þetta kemur fram á heimasíðu AIK. Hjálmar er líklega á förum frá skoska liðinu Hearts og mun nú hefja leit að nýju liði fljótlega en nokkur lið hafa þegar sýnt honum áhuga.

**sport**  
sport@frettabladid.is

HEIÐAR DAVÍÐ BRAGASON: HÆTTI Á MÓTI Í DANMÖRKU VEGNA MEIÐSLA OG PREYTU

## Spila aldrei aftur á fimm mótum í röð

Heiðar Davíð Bragason, kylfingur úr golfklúbbnum Kili í Mosfellsbæ, hefur undanfarið gert það gott á dönsku mótaröðinni í golfi þar sem hann hefur æft og spilað með öðrum Íslendingi, Ófeigi Jóhanni Guðjónssyni sem spilar fyrir Noreg. Þeir ákváðu báðir að hætta keppni eftir annan hring á opna Danfoss-mótinu í Vejle vegna þreytu og smávægilegra meiðsla.

„Ég verð í Kaupmannahöfn í nokkra daga og kem svo heim í smá frí,“ sagði Heiðar við Fréttablaðið um helgina. „Það voru í raun tvær ástæður



fyrir því að ég ákvað að hætta á mótinu. Ég var að röla niður á 16. braut og sneri mig á hægri fót og því var ég ekki í standi til að halda áfram. Þar að auki var þetta fimmta mótið í röð sem ég var að spila á og ég finn að ég er alveg búinn á því og búinn að missa áhugann, sagði Heiðar sem hafði leikið ágætlega þar til hann þurfti að hætta.

Hann spilaði fyrri hringinn á sjö höggum yfir pari í Vejle og þann síðari á einu yfir pari. „Það var í raun voðalega lítið af minni spilamennsku á fyrri hringnum en þegar

ég lenti í smá erfiðleikum hafði ég bara ekki nógu sterkan vilja til að snúa genginu við. Það er því viðeigandi að taka sér smá frí núna og koma svo aftur af krafti.“

Heiðari hafði verið ráðlagt að taka aldrei meira en þrjú mót í röð. „Maður verður að finna þetta sjálfur og ég ákvað að prófa þetta en ég veit núna að ég tek aldrei aftur fimm mót í röð. Golfið var orðið lélegt hjá manni og því er það betra að taka þátt í færri mótum en spila þá betra golf.“

Heiðar og Ófeigur hafa verið duglegir að æfa saman ásamt því að taka þátt í mótum og var sömu sögu að segja af Ófeigi. „Hann var byrjaður að stífna í baki og þarf að hvíla sig líka,“ sagði Heiðar.

> Bikarinn heldur áfram

Sextán liða úrslit VISA-bikars karla halda áfram í kvöld þegar tveir leikur fara fram á móti Grindavík en þar ber helst á góma að Sinisa Valdimar Kekic má ekki leika með Þrótti gegn sínum gömlu félagum. Á Árbæjarvelli verður Landsbankadeildarlagur þar sem Eyjamenn koma í heimsókn en báðir leikirnir hefjast klukkan 19.15. Liðin mættust í síðustu umferð Landsbankadeildarinnar og gerðu þá 1-1 jafntefli í hörkuleik. Sextán liða úrslitin klárast svo á þriðjudaginn þegar Leiknir tekur á móti Keflvíkum í Breiðholti. Dregið verður í átta liða úrslitin í hádegisun.



Landsbankadeild karla:

## Gerð upp á Sýn í kvöld

**FÓTBOLTI** Í kvöld klukkan 21.00 verður fyrri umferð Landsbankadeildar karla gerð upp í sérstökum þætti á Sýn. Sérfræðingar Sýnar munu gefa sitt álit ásamt góðum gestum en í þættinum verður val Fréttablaðsins og Sýnar á þeim sem skarað hafa fram úr í sumar verða kunnert.

Besti leikmaðurinn, þjálfarinn og dómari verður valinn og fá þeir vegleg verðlaun auk þess sem hægt verður að velja fallegasta mark sumarsins í samvinnu við Vísi.is á meðan á þættinum stendur. Að sjálfsgöðu verða síðan öll bestu tilþrif sumarsins rifjuð upp.

- hþh



MIROSLAV KLOSE Er markahæsti leikmaður HM í ár með fimm mörk. NORDICPHOTOS/AFP

Undanúrslit HM:

## Aðeins Evrópu-þjóðir eftir

**FÓTBOLTI** Það er ljóst að heimsmeistararnir árið 2006 verða frá Evrópu en nú þegar aðeins fjögur lið eru eftir kemur ekkert lið utan heimsálfunnar. Margir spáðu Brasilumönnum, núverandi heimsmeisturum, góðu gengi auk Argentínuranna en Suður-Ameríkubjóðirnar dattu báðar út í átta liða úrslitunum.

Í fyrsta skipti síðan árið 1982 þegar HM fór fram á Spáni eru fjögur lið frá Evrópu eftir, gestgjafar Þjóðverja, Ítalir, Frakkar og Portúgalar. Þrjár þjóðanna voru í undanúrslitunum árið 1982 en aðeins Portúgalar hafa sæta-skípti við Pólverja.

Hvort Ítalía nái að endurtaka leikinn frá því á Spáni verður að koma í ljós en þeir urðu þá heimsmeistarar.

- hþh

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

| JULÍ |   |   |   |   |     |
|------|---|---|---|---|-----|
| 30   | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 6 |

#### Fimmtudagur

##### LEIKIR

19.15 Fylkir og ÍBV mætast í VISA-bikar karla í knattspyrnu á Fylkissvelli.

19.15 Þróttur og Grindavík mætast í VISA-bikar karla í knattspyrnu á Valbjarnarvelli.

##### SJÓNVARP

16.35 Landsmót hestamanna á RÚV.

21.00 Landsbankadeildin á Sýn. Þáttur um fyrstu níu umferðir Landsbankadeildar karla.

23.15 Fótboltakvöld á RÚV.

# Birgir fór illa að ráði sínu undir lokin

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson var meðal efstu manna á opna Mahou-mótinu í Madrid á Spáni á lokadegi mótsins í gær er hann fékk þrjá skolla undir lokin og féll fyrir vikið niður í 16.-20. sæti.

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson náði um helgina sínum besta árangri í ár á Askorendamótaröðinni evrópsku í golfi. Hann náði 16.-20. sæti á opna Mahou-mótinu í Madrid og lék samtals á átta höggum undir pari. Hann var hins vegar í efsta sæti mótsins þegar hann átti einungis níu holur eftir þar sem hann fór illa að ráði sínu og lék holurnar níu á fjórum höggum yfir pari. Þar af fékk hann skolla á síðustu þremur holum sínum.

Fyrir árangurinn fékk hann rúmar 160 þúsund krónur en sigurvegari mótsins fékk tæpar tvær milljónir króna í verðlaunafé. Árangurinn er því óneitanlega svekkjandi en Birgir Leifur er atvinnumaður í íþróttinni og þarf því að treysta á að það verðlaunafé sem hann vinnur sér inn á mótum dugi honum til upphalds og ferðakostnaðar.

Hann var vitanlega heldur miður sín þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. „Ég er hundfúll og pirraður,“ sagði Birgir. „Þetta byrjaði mjög vel í morgun og ég fékk óskabyrjun á fyrstu níu holunum,“ sagði Birgir en hann fékk þar þrjá fugla og var sem fyrr segir í efsta sæti mótsins á þeim tímapunkti.

„Vendipunkturinn var svo á 10. og 11. holu sem eru þar þrjú og þar fimm. Ég þrjúþáttaði á 10. holu og fékk skolla en fór svo inn á flöt í tveimur höggum á 11. holu. Þar þrjúþáttaði ég svo aftur. Það var þá sem ég fór að fylgjast með stöðu efstu manna og reyndi að gera



BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON Lékk vel um helgina en tók áhættu sem borgaði sig ekki á lokaholum mótsins.

NORDIC PHOTOS/GETTY

mér grein fyrir hvað ég þyrfti að gera. Í stuttu máli reyndi ég hvað ég gat að sækja áfram og ná mér í fugla en það bara gekk ekki. Ég fór að velja vitlausar kylfur og var því ekki að hitta réttu högginn á réttum tíma.“

En þrátt fyrir allt var árangur Birgis afar góður og ber vitni að

hann á í fullu tré við aðra kylfinga á Askorendamótaröðinni. „Þetta var með skásta móti í ár,“ sagði hann. „Ég hef verið að spila mjög vel í allt sumar en þetta hefur ekki verið að ganga upp hjá mér. Ég hélt að mér ætlaðist loksins að takast að brjóta ísinn núna og fékk ég mitt besta tækifæri til þess nú

um helgina en það gekk því miður ekki eftir.“

Birgir hélt til síns heima í Lúxemborg í gær og fer til Ítalíu eftir næstu helgi þar sem næsta mót í mótaröðinni verður haldið. „Lífið heldur áfram, eins og sagt er,“ sagði Birgir Leifur Hafþórsson.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Shellmótinu í Vestmannaeyjum lauk með pompi og prakt í gærkvöldi:

## Frábærlega heppnað í alla staði

**FÓTBOLTI** Hinu árlega Shellmóti í knattspyrnu lauk í gærkvöldi eftir spennandi og skemmtilegan lokadag. Í gær fóru úrslitaleikirnir fram auk leiksins á milli Pressuliðsins og Landliðsins, þar sem þeir leikmenn sem þóttu hafa

#### ÚRSLITALEIKIR SHELLMÓTSINS

|   |     |
|---|-----|
| A-lið: ÍBV-HK                                 | 0-6 |
| B-lið: ÍBV-Fjölnir                            | 3-2 |
| C-lið: ÍBV-Fylkir                             | 3-3 |
| (Fylkir vann á fyrri marki skoruðu í leiknum) |     |
| D-lið: Víkingur-Gróttu                        | 1-0 |



HVERJIR ERU BESTIR? ÍBV! Hjalti, Magnús Karl, Arnar Gauti, Guðmundur Aron, Aron, Kristleifur, Daði Steinir og Aron James.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI

skarað fram úr kepptu sín á milli.

„Þetta hefur tekist rosalega vel, mótið var mjög gott í alla staði og mótsstjórnin er himinlifandi yfir þessu. Veðrið hefur verið fínt, það rigndi reyndar eldi og brennsteyni á föstudaginn og Kári lét til sín taka en strákarnir létu það ekkert á sig fá og vildu bara fá að spila fótbolta. Svo kom sól og blíða og það er ekki hægt að kvarta yfir veðrinu,“ sagði Einar Friðþjófs-son, framkvæmdastjóri mótsins við Fréttablaðið í gær.

„Um 1.000 strákar tóku þátt í mótinu en hátt í 1.500 foreldrar og aðrir fylgdu þeim til Eyja. Strákarnir gerðu margt annað en að spila fótbolta, þeir fóru í rútuferðir, að spranga, í sund, í bátsferð auk þess að skoða náttúrugripasafnið sem var mjög vinsælt. „Þetta hefur verið eitt albesta mót sem haldið hefur verið lengi, það eru allir ánægðir og það fara allir ánægðir heim, eins og venjulega,“ sagði kampakáttur Einar Friðþjófs-son að lokum.“

- hþh



SHELLMÓTSMEISTARAR Leikmenn HK fagna sigri eftir að hafa unnið heimamenn í ÍBV örugglega í úrslitaleik A-liða.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI



SIGRINUM FAGNAÐ Hjalti og Magnús Karl höfðu ríka ástæðu til að fagna eftir að hafa unnið Fjölni í úrslitaleik B-liða. Lokatölur leiksins urðu 3-2 fyrir ÍBV í spennandi leik.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI





**RAUTI** Fyrir þetta traðk fékk Rooney beint rautt spjald en leikmenn enska liðsins hafa stutt við bakið á honum og hvatt enska til að kenna honum ekki um tapið gegn Portúgal.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Sven-Göran Eriksson:

## Það verður að passa Rooney

**FÓTBOLTI** Sven-Göran Eriksson sagði á sínum síðasta blaðamannafundi með enska landsliðinu að það yrði að líta eftir hæfileikum Wayne Rooney þar sem hann væri einstakur leikmaður. Hann vildi ekki kenna Rooney um tapið gegn Portúgal í 8-liða úrslitum HM en Rooney fékk rautt spjald fyrir að traðka á Ricardo Carvalho.

„Rooney er gulldrengur enska boltans, ekki taka hann af lífi af því þið þurfið á honum að halda. Hann er stórkostlegur leikmaður en hann er skapmikill, það er ekki hægt að álasa honum fyrir það,“ sagði Eriksson sem mótmælir ekki ákvörðun dómarans um að reka Rooney af velli.

„Ég talaði við Wayne og hann sagði mér að þetta hefði verið óviljaverk. Ég talaði síðan við dómarann og hann sagði mér að hann væri hundrað prósent viss um að þetta væri rautt spjald, ég gat ekki kvartað yfir útskýringum hans,“ sagði fráfarandi landsliðsþjálfari Englands.

- hph



**VONBRIGÐI** HM 2006 var mikil vonbrigði fyrir Ronaldinho.

NORDICPHOTOS/AFP

Brasilískir fjölmiðlar um HM:

## Svona á ekki að spila fótbolta

**FÓTBOLTI** Ronaldinho, besta knattspyrnumanni heims og þjálfaranum Carlos Alberto Parreira er kennt um ófarir heimsmeistara Brasilíu sem féllu úr leik í 8-liða úrslitum HM um helgina.

Brasilískir fjölmiðlar eru æfir en Frakkar rufu þarna ellefu leikja sigurhrinu Brassanna á HM. „Ronaldinho voru vonbrigði keppinnar. Hann spilaði illa, sýndi engin tilþrif, átti ekki skot á markið, sendi lélegar sendingar og tók ekki á sig neina ábyrgð,“ sagði í einu dagblaðanna í Brasilíu.

„Parreira varð Brasilíu til skammar. Svona á ekki að spila fótbolta og svona hefur Brasilía aldrei spilað fótbolta. Skelfileg keppni frá upphafi til enda,“ sagði í öðru blaði í landinu þar sem menn eru ekki vanir því að tapa.

- hph

Þjóðverjar anda léttar:

## Engum refsað vegna látanna

**FÓTBOLTI** FIFA hefur ákveðið að engum þýskum leikmanni verði refsað vegna ólátanna sem brust út að loknum leiks Þýskaland og Argentínu í fjórðungsúrslitum keppinnar á föstudag. Engu að síðar útilokar FIFA ekki að starfsmönnum beggja liða muni verða refsað. Nokkuð víst þykir að tveir leikmenn Argentínu, Leandro Cufre og Maxi Rodriguez, verði dæmdir í bönn fyrir sinn þátt en Cufre fékk rautt og Rodriguez er sagður hafa ráðist á Bastian Schweinsteiger, leikmann Þýskalands.

- esá

John Terry eða Steven Gerrard eru taldir líklegastir til að verða næstu fyrirliðar enska landsliðsins:

# David Beckham skilar fyrirliðabandinu

**FÓTBOLTI** Tárvtur David Beckham tilkynnti í gær að hann hygðist skila fyrirliðabandinu sem hann hefur borið fyrir enska landsliðið í rúm fimm ár. Beckham tilkynnti þetta á blaðamannafundi í gær eftir að enska landsliðið tapaði fyrir Portúgólum í vítaspyrnukeppni á laugardaginn. Sven-Göran Eriksson ákvað að hafa Beckham áfram sem fyrirliða þegar Svíinn tók við liðinu 2001 en Beckham hefur borið bandið 58 sinnum.

„Það var mesti heiður ferils míns þegar Peter Taylor gerði mig að fyrirliða og ég uppfyllti æskudrauminn minn um landsliðið. Núna finnst mér vera tími til kominn til að rétta bandið áfram



**BECKHAM** Var fyrirliði enska landsliðsins 58 sinnum á fimm og hálfu ári.

NORDICPHOTOS/AFP

og hefja nýtt tímabil. Ég ítreka samt að ég vil halda áfram að spila með enska landsliðinu og

hjalpa nýja stjóranum, Steve McClaren og nýja fyrirliðanum,“ sagði Beckham í tilbúnni yfirlýs-

ingu sem hann las upp.

„Þetta er erfiðasta ákvörðun sem ég hef tekið á ferlinum en ég ákvað þetta fyrir nokkru síðan, en ég vonaðist til að hætta eftir gott gengi á HM. Því miður varð það ekki raunin. Ég vil þakka öllum leikmönnum og stjóranum fyrir að styðja mig sem fyrirliða, fjölmiðlum og stuðningsmönnum okkar. Fyrir mér hefur þetta verið ótrúlegur heiður. Ég er gríðarlega stoltur yfir því að hafa upplifað drauminn,“ sagði Beckham.

Langlíklegast er talið að John Terry, fyrirliði Chelsea, eða Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, fái nú fyrirliðabandið frá Steve McClaren sem tekinn er við enska landsliðinu.

- hph

**Stilling**  
- betri en bestir

Bílavarahlutir

# AMTEI summerdekk

**Tilboð**

| Stærð         | Verð áður | Tilboð  |
|---------------|-----------|---------|
| 15" 185/65R15 | 6.600.-   | 4.400.- |
| 15" 195/55R15 | 7.500.-   | 4.800.- |
| 15" 195/65R15 | 6.900.-   | 4.400.- |
| 15" 205/70R15 | 8.800.-   | 5.700.- |
| 16" 205/55R16 | 8.990.-   | 5.900.- |



PIANET

PIANET 2P

PIANET T-301

PIANET FT-501

**Meðan birgðir endast!**



**Stilling**  
Bílavarahlutir

ÁÐALNÚMÉR · SÍMI 520 8000  
SKEIFUNNI 11 RVÍK · SÍMI 520 8001  
DRAUPNIGATA 1 AK · SÍMI 520 8002  
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003

SMÍÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004  
BÍLDHÓFÐA 12 RVÍK. · SÍMI 520 8005  
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006  
www.stilling.is



**GARÐAR** Er hér í baráttu við KR-inginn Vigfús Arnar Jósepsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bikarmeistaramir unnu:

## Garðar skaut Val áfram

**FÓTBOLTI** Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, var nýkominn með sína menn upp úr pottinum í sundlauginni á Eskifirði þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Garðar Gunnlaugsson hélt upp-teknum hætti í bikarnum þegar hann skoraði bæði mörk liðsins í 2-0 sigri á Fjarðabyggð. Garðar fór hamförum í bikarkeppninni í fyrra þegar hann raðaði inn mörkunum en Valsmenn hefja bikarvörnina vel.

„Þetta var hörkuleikur og sigurinn var aldrei öruggur. Fjarðabyggð er með hörkulið og greinilegt er að Þorvaldur Örlygsson er að gera góða hluti hérna. Við biðum eftir að bikarinn byrjaði svo Garðar myndi hrökkva í gang,“ sagði Willum glaðbeittur í gær.

„Við vorum kannski aðeins sterkari en þeir voru baráttuglaðir og gáfu sig aldrei. Við sköpuðum aðeins fleiri færi en þeir voru nálægt því að jafna undir lok fyrri hálfleiks en sem betur fer brutum við ísinn í fyrri hálfleik og náðum að skora. Þetta var erfitt fyrir þá eftir að við skoruðum seinna markið,“ sagði Willum sem hreifst mjög af liði Fjarðabyggðar sem sýndi að það er sýnd veiði en ekki gefin en liðið spilar í 2. deildinni í sumar. - hph

### LEIKIR GÆRDAGSINS

#### Visa-bikar karla:

|   |      |
|---|------|
| <b>FJARÐABYGGÐ-VALUR</b>  | 0-2  |
| 0-1 Garðar Gunnlaugsson, 0-2 Garðar Gunnlaugsson (víti).  |      |
| <b>KA-BREIÐABLIK</b>  | 3-2  |
| 1-0 Sveinn Elías Jónsson, 2-0 Sigurður Skúli Eyjólfsson, 3-1 Sveinn Elías Jónsson, 3-1 Kári Ársæls-son, 3-2 Srdjan Gasic. |      |
| <b>NJARÐVÍK-KR</b>  | 0-1  |
| 0-1 Bjarnólfur Lárusson (44. víti).   |      |
| <b>FH-VÍKINGUR</b>  | 1-2  |
| 1-0 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (10.), 1-1 Höskuldur Eiríksson (27.), 1-2 Höskuldur Eiríksson (48.).                         |      |
| <b>FRAM-ÍA</b>  | 2-3* |
| 0-1 Bjarni Guðjónsson (8. víti), 0-2 Hafþór Ægir Vilhjálmsson (28.), 1-2 Helgi Sigurðsson (50. víti)                      |      |
| 2-2 Helgi Sigurðsson (76. víti). 2-3 Þórður Guðjónsson (114.).  |      |

\*Eftir framlengdan leik

# Víkingar í banastuði í Kaplakrika

Höskuldur Eiríksson, fyrirliði Víkings, skoraði bæði mörk liðsins í 2-1 sigri á Íslandsmeisturum FH í VISA-bikarnum í gær. Leikurinn fór fram í Kaplakrika og mættu gestirnir ákveðnir til leiks og lönduðu sigri.

**FÓTBOLTI** „Það er ólýsanlega skemmtileg tilfinning að koma í Krikann og ná að slá Íslandsmeistarana út úr bikarkeppninni, algjör draumur. Við höfum verið að spila vel í sumar þegar á heildina er litið og við vorum einfaldlega betra liðið í þessum leik. Þetta gengur vel um þessar mundir og við njótum þess bara,“ sagði Höskuldur Eiríksson, hetja Víkings, en hann skoraði bæði mörk liðsins í 2-1 útsigri gegn FH í gær. Það er því ljóst að FH-ingar þurfa að biða enn lengur eftir sínum fyrsta bikarmeistaratitli en í ár féllu þeir við fyrstu hindrun.

Víkingar eru því komnir áfram í átta liða úrslit bikarsins með þessum glæsilega sigri en sigur liðsins í gær var sanngjarn. Liðið er á hörkuskriði en í síðustu umferð Landsbankadeildarinnar vann það góðan 4-1 sigur gegn ÍA á Skaganum. Daníel Hjaltason átti góða innkomu í þeim leik og var í byrjunarliði í gær. Varnarmaðurinn Milos Glogovac á við smávægileg meiðslu að stríða og spilaði því ekki í gær en Valur Úlfarsson kom þá í hjarta varnarmanninn við hlið Grétars Sigfinns Sigurðssonar og náðu þeir vel saman.

Leikurinn í gær byrjaði nokkuð fjörlega en heimamenn náðu forystunni eftir tíu mínútna leik þegar markvörðurinn Ingvar Kale



**BARÁTTAN Í HÁVEGUM HÖFÐ** Höskuldur Eiríksson, hetja Víkings í leiknum, lætur Tryggva Guðmundsson hafa fyrir hlutunum í Kaplakrika í gærkvöldi, án þess að Tryggvi gefi nokkuð eftir. Höskuldur skoraði bæði mörk Víkings í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

fór í skógarhlaup og missti af boltanum, á endanum var það Ásgeir Gunnar Ásgeirsson sem renndi knettinum inn. En gestirnir létu ekki deigan síga og Stefan Kári Sveinbjörnsson komst tvívegis nálægt því að jafna metin en heimamenn voru heppnir. Það var svo á 27. mínútu sem jöfnunarmarkið kom en þá var Daníel skeinuhættur innan teigs og eftir smá þvögu náði Höskuldur að skora gott mark af stuttu færi.

Fleira markvert gerðist ekki í fyrri hálfleik en í upphafi þess síðari voru Víkingar ákveðnir og fékk Arnar Jón Sigurgeirsson dauðafæri áður en Höskuldur náði að skora aftur, að þessu sinni með skalla eftir hornspyrnu. Leikurinn var skemmtilegur og oft á tíðum mjög vel spilaður hjá báðum liðum en ónákvæmar sendingar og fyrirgjafir voru áberandi hjá FH-ingum þegar þeir komu nálægt marki andstæðinganna. Víkingar fengu

Þórður Guðjónsson var hetja ÍA þegar hann skoraði sigurmark liðsins gegn Fram í framlengdum leik í gær:

## Naumur Skagasisigur í framlengdum leik

**FÓTBOLTI** Þó nokkur eftirvænting var fyrir leik ÍA og Fram í bikarnum enda fyrsti leikur Skagamanna síðan Ólafur Þórðarson hætti sem þjálfari. Nýtt þjálfarateymi gerði miklar breytingar á liði ÍA sem skilaði því sæti í fjórðungsúrslitum VISA-bikarkeppninnar, þó naumt hefði verið.

